



Félög löggiltra endurskoðenda

Útg. Félag löggiltra endurskoðenda  
Ábm: Ómar H. Björnsson  
formaður Ritnefndar FLE  
Desember 2004  
27. árgangur 2. tölublað

# FLE fréttir

## EFNI BLAÐSINS

Hugleiðing .....	1
Ný heimasíða FLE .....	2
Af stjórnarborði.....	3
Til sölu á skrifstofu FLE .....	4
Sjónarmið frávillings.....	4
Ný reglugerð um endurmenntun .....	5
Nýir félagar árið 2004 .....	6
Endurskoðunarnefndir í fyrirtækjum .....	7
Haustráðstefna FLE .....	10
Aðalfundur Félags löggiltra endurskoðenda 2004 .....	12
Stjórn og nefndir 2004–2005 .....	17
Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands .....	19
Faglegur framkvæmdastjóri.....	20
GOLFannáll árið 2004.....	21

## Hugleiðing um viðskiptasiðferði og siðareglur

Löggjafinn hefur sýnt að hann hyggst taka eftirlits- og regluhlutverk atvinnulífsins til endurskoðunar og því er mikilvægt fyrir fyrirtækin, og þá sem þeim þjóna, að hafa frumkvæði og koma á góðum stjórnarháttum. Þetta hefur enn sem komið er ekki haft mikil áhrif á störf okkar hér á landi en þó eru ákveðnar vísbendingar um að breytingar geti verið í vændum og má þar meðal annars benda á álit nefndar sem skipuð var af iðnaðar- og viðskiptaráðherra um Íslenskt viðskiptaumhverfi sem birt var í september síðastliðnum.

### Hvaða áhrif geta stjórnarhættir hjá fyrirtækjum haft á vinnu endurskoðenda?

Fall alþjóðlegra fyrirtækja og hneykslismál þeim tengd hafa beint athyglinni að stjórnun og stjórnendum fyrirtækja. Í framhaldi af því hafa víða, meðal annars hér á landi, verið settar fram leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Þessum leiðbeiningum er meðal annars ætlað að skilgreina hlutverk og ábyrgð stjórnar og auðvelda þar með stjórn að rækja skyldur sínar og efla traust og trúnað almennings og fjárfesta sem er eitt af grundvallaratriðum í viðskiptum. Góðir stjórnarhættir fyrirtækja styðja við lög og reglur sem settar hafa verið og geta aukið samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Ef fyrirtæki setja sér reglur á þessu sviði þar sem stjórnunar- og eftirlitsumhverfi þeirra er skilgreint þá styður það vinnu endurskoðenda.

### Hvert ætti að vera efni siðareglna fyrir endurskoðendur?

Í þessari umfjöllun er miðað við siðareglur alþjóða samtaka endurskoðenda, IFAC. Í reglunum er mælt með því að semja ekki ítarlegar reglur með upptalningu á þeim atriðum sem reglurnar heimila ekki. Þess í stað er mælt með



Hildur Árnadóttir, endurskoðandi

því að setja meginreglur sem krefjast þess að þeir sem fara eftir reglunum beiti faglegri dómgreind hverju sinni við að greina, meta og bregðast við ógnunum. Í siðareglunum er fjallað um skilyrði sem allir endurskoðendur þurfa að hafa í huga, hvort sem þeir vinna við fagið eða ekki. Þessi atriði eru meðal annars: heiðarleiki, hlutlægni, hæfni og samviskusemi eða kostgæfni, þagmælska og fagmennska. Endurskoðendur þekkja þessi hugtök enda er fjallað um þau í 2. gr. samskiptareglna FLE. Í reglunum eru auk þess nefnd dæmi um atriði sem geta ógnað því að endurskoðandi nái að uppfylla þessi skilyrði og hvaða varnagla hægt er að setja til að koma í veg fyrir eða draga úr þessum ógnunum.

Til viðbótar fyrrnefndum meginreglum gilda sérstakar reglur um þá endurskoðendur sem starfa við fagið. Dæmi um það er ákvæði um almannatengsl, hagsmunaárekstra, samskipti innan stéttarinnar, þóknun, fjárvörslu og óhæði. Í siðareglunum eru einnig sérstök ákvæði er varða endurskoðendur sem starfa ekki við fagið. Árekstrar geta orðið þar sem þrýstingur vinnuveitenda á vinnubrögð er í ósamræmi við siðareglurnar. Vinnubrögð skulu vera fagleg



vinnubrögð sem þýðir að unnið sé í samræmi við staðla og leiðbeiningar og endurskoðandi hafi nægjanlega þekkingu á viðfangsefninu og afli sér nauðsynlegrar viðbótarþekkingar.

## Fræðsla um viðskiptasiðferði

Félag löggiltra endurskoðenda í Noregi hefur unnið skýrslu um eflingu endurskoðunar í Noregi, byggða á skjali frá Evrópusambandinu um sama efni. Í norsku skýrslunni er meðal annars fjallað um gæðaeftirlit, endurmenntun, eftirlit með endurskoðendum, siðareglur og óhæði og notkun á alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Þar er lagt til það nýmæli að norskir endurskoðendur verði skyldaðir til að sækja 14 tíma námskeið þriðja hvert ár í viðskiptasiðferði. Þeir telja að virk endurmenntun á þessu sviði, eins og í endurskoðun, reikningshaldi og skattarétti, sé aðferð til að vinna gegn neikvæðri þróun og ummælum á síðustu árum í kringum stétt endurskoðenda.

Ég tel ólíklegt að hægt sé á stuttum námskeiðum að kenna fullorðnu fólki hvaða hegðun er siðferðislega rétt. Þó tel ég að umræða eða

kennsla um siðferði í viðskiptum muni vekja fólk til umhugsunar um það hvaða hegðun er ásætlanleg eða viðeigandi. Það má einnig velja fyrir sér hver ætti að sjá um þessa kennslu. Eiga endurskoðunarfyrirtækin sjálf að vera með kennslu, þau sem eru í alþjóðlegu samstarfi eru með virk siðakerfi nú þegar. Hugsanlega verður siðfræði viðskipta hluti af grunnnámi í viðskiptafræði. Ef niðurstaðan verður sú að við teljum nauðsynlegt að vera með fræðslu á þessu sviði þá má gera ráð fyrir því að FLE þurfi að koma að þeirri fræðslu með sambærilegum hætti og nú er varðandi aðra þætti í endurmenntun endurskoðenda.

## Er hægt að mæla siðferði endurskoðenda?

Unnt er að nefna nokkur atriði sem hægt er að leggja mælikvarða á. Í lögum og reglum eru ákvæði um það hvernig endurskoðandi getur tryggt að hann sé óháður sínum viðskiptavinum, til dæmis með því að fjárfesta ekki í fyrirtækjum sem hann endurskoðar. Mælikvarðinn getur því falist í skoðun á fjárfestingum endur-

skaðenda. Þekkt er að alþjóðlegu endurskoðunarfyrirtækin eru með reglur á þessu sviði og fylgjast með því að þeim sé framfylgt. Einnig er hægt að mæla hvort ákvæðum um endurmenntun er framfylgt, samanber það eftirlit sem nú er viðhaft þegar skilað er gögnum til eftirlitsaðila, gæðaeftirlit er einnig dæmi um atriði sem gefur til kynna hvort skilyrði siðareglna eru uppfyllt.

## Niðurstaða

Í tilskipun Evrópusambandsins um endurskoðun á ársreikningum og samstæðureikningum er meðal annars gert ráð fyrir að siðareglur alþjóðasamtaka endurskoðenda skuli vera grunnurinn að siðareglum endurskoðenda á evrópska efnahagssvæðinu, auk þess sem tekið skal tillit til tilmæla sambandsins um óhæði. Það er gott ef þessi reglusetning nær að auka traust almennings á fjárhagslegum upplýsingum fyrirtækja, en ég tel það ekki nægjanlegt að aðeins endurskoðendur hafi siðareglur, aðrir aðilar sem veita fjárhagslegar upplýsingar þurfa einnig að hafa virkar siðareglur.

# Ný heimasíða FLE

Í upphafi starfsársins 2003 til 2004 var ákveðið að ráðast í löngu tímabæra endurnýjun á heimasíðu FLE og leiddi það til þess að mesta vinna ritnefndar á starfsárinu fór í heimasíðuna. Eftir yfirferð á þeim valkostum sem í boði voru varðandi heimasíðugerð var leitað tilboða frá tveimur vefþjónustufyrirtækjum og eftir samanburð á tilboðunum var ákveðið að semja við Íslensk fyrirtæki ehf. um kaup á ecWeb heimasíðakerfi og vistun heimasíðunnar. Í vor og í sumar vann ritnefndin ásamt framkvæmdastjóra og starfsfólki Íslenskra fyrirtækja ehf. að uppsetningu síðunnar, sem opnuð var með formlegum hætti á hádegisverðarfundum þann 1. september síðastliðinn. Vinnan við heimasíðuna reyndist mun tímafreakari en fyrst var áætlað og náðist því ekki upphaflegt markmið, sem var að opna síðuna snemma sumars.

Mikilvægi heimasíðna hefur vaxið jafnt og

þétt á undanförunum árum og nú er heimasíða félaga og stofnana orðin eitt af mikilvægustu tækjunum í því að koma sér og sínu á framfæri. Eitt af markmiðum nýju síðunnar er að gera innihald hennar aðgengilegra en verið hefur og miðar öll uppsetning síðunnar að því að gera upplýsingarnar auðfundnar.

Nýja heimasíðan er í stöðugri mótun og það er stefna ritnefndar að hafa heimasíðuna lifandi og vera stöðugt með fréttir og tilkynningar um það sem er efst á baugi hverju sinni í þjóðfélaginu og tengist endurskoðendum. Margir ónotaðir möguleikar eru til staðar varðandi nýtingu heimasíðunnar og má þar m.a. nefna innra lokað svæði fyrir félagsmenn, en þar gætu verið upplýsingar um endurmenntun, skráning endurmenntunar og þar gæti verið spjallsíða þar sem endurskoðendur skiptast á skoðunum um hin ýmsu mál sem efst eru á baugi hverju sinni.

Að lokum vill ritnefndin ítreka við félagsmenn og aðra áhugasama um málefni endurskoðenda að ábendingar varðandi það sem betur má fara í heimasíðunni eru að sjálfsögðu vel þegnar.

Ritnefnd FLE  
Ómar H. Björnsson



# Af stjórnarborði

## Félag endurskoðenda í Skotlandi (ICAS) 150 ára – Horft til framtíðar

Á þessu ári varð félag löggiltra endurskoðenda í Skotlandi 150 ára en það er elsta starfandi félag endurskoðenda í heiminum. Félag löggiltra endurskoðenda á Íslandi hefur löngum verið í góðu sambandi við ICAS og þá sértaklega þeir félagsmenn sem iðka hina göfugu íþrótt sem golfið er. Um árabíl hefur hópur íslenskra endurskoðenda haldið utan á hverju ári til að etja kappi við endurskoðendur á skoskri grundu.

Í tilefni af afmælinu bauð ICAS formönnum endurskoðendafélaga víða að til afmælisfagnaðar í október s.l., þar á meðal formanni FLE, sem og framámönnum í endurskoðendaheiminum. Af því tilefni var einnig boðað til ráðstefnu þar sem megin umfjöllunarefnið var að horfa til framtíðar í starfsumhverfi endurskoðandans. Meðal þeirra sem töluðu á ráðstefnunni voru Sir David Tweedie, formaður alþjóðlegu reikningskilanefndarinnar (IASB), og Graham Ward, nýkjörinn forseti alþjóðasamtaka endurskoðenda (IFAC).

Það var ótvíræð skoðun þessara forystumanna í heimi endurskoðunar að hornsteinninn í starfi endurskoðandans í upphafi nýrrar aldar yrði menntun og endurmenntun stéttarinnar. Endurskoðandi framtíðarinnar yrði að gera sér grein fyrir að hann starfaði í þágu almennings, hann yrði að njóta ótvíræðs trausts og í því sambandi væri óhæði, heilindi og siðferði lykilþættir. Þetta yrði að endurspeglast í vinnu endurskoðandans þar sem gæði vinnunnar yrðu að vera í fyrirrúmi umfram markaðshyggju og því að þjóna einkahagsmunum lykilstjórnenda viðskiptavinarins. Mönnum var því tíðrætt um þær breytingar sem boðaðar eru á áttundu tilskipun Evrópusambandsins og þann boðskap sem þar kemur fram.

Þetta eru því augljóslega þau atriði sem munu hafa veruleg áhrif á störf okkar í framtíðinni og móta okkar félagsstarf. Það er því sérstakt fagnaðarefni að menntunarmál endur-

skoðenda eru nú í brennidepli hjá menntastofnunum hér á landi og vonandi munu þessi atriði móta það starf.

## Faglegur framkvæmdastjóri FLE

Undanfarin ár hefur sú umræða farið fram innan stjórnar félagsins að nauðsynlegt væri að ráða endurskoðanda til starfa hjá félaginu til þess að hafa yfirumsjón með allri faglegri vinnu sem fer fram innan félagsins. Einnig að fylgjast með þeim miklu og öru breytingum sem eiga sér stað í alþjóðlegu umhverfi endurskoðenda og annast samskipti við erlend fagfélög og samtök. Á aðalfundi félagsins fyrir ári síðan vakti formaður máls á nauðsyn þessa og lýsti þeirri skoðun sinni að slík ráðning væri eitt þeirra atriða sem stjórn félagsins þyrfti alvarlega að skoða. Það var því sérstakt ánægjuefni að geta tilkynnt félagsmönnum á nýafstöðnum aðalfundi í nóvember s.l. að Gunnar Sigurðsson endurskoðandi, hafi verið ráðinn til starfa hjá félaginu sem faglegur framkvæmdastjóri frá og með 1. febrúar nk.

Ég er sannfærður um að þessi ákvörðun mun verða félaginu mikil lyftistöng og mun skipta sköpum í allri faglegri umfjöllun innan félagsins. Jafnframt gerir stjórn félagsins sér vonir um að þessi ráðning muni létta verulega á því mikla sjálfbóðaliðastarfi sem fram til þessa hefur farið fram innan nefnda og stjórnar félagsins.

Ég vil því óska okkur öllum til hamingju með þessa ákvörðun um leið og ég vil bjóða Gunnar velkominn til starfa.

## Menntunarmál endurskoðenda

Undanfarin ár hafa menntunarmál endurskoðenda verið mikið í umræðunni hjá stjórn félagsins og meðal félagsmanna. Í lok ársins 2000 skilaði starfshópur innan félagsins skýrslu um þessi mál. Í þessari góðu og yfirgripsmiklu skýrslu er dregin upp mynd af núverandi fyrirkomulagi menntunar endurskoðenda og tillögum til úrbóta, þar sem m.a. er lagt til að tekið verði upp mastersnám í endurskoðun og reikn-



Sigurður B. Arnþórsson  
formaður FLE

ingsskilum. Í beinu framhaldi var skýrslunni komið á framfæri við fjármálaráðuneytið með ósk um að menntunarmál endurskoðenda yrðu tekin til skoðunar. Síðan þessi skýrsla var unnin hefur orðið mikil og hröð alþjóðavæðing í heimi endurskoðenda eins og okkur öllum er kunnugt. Það má því segja að ef þá var þörf er nú sannanlega nauðsyn á úrbótum.

Í þessu sambandi má einnig vísa til þess sem fram kemur annars staðar í þessum pistli þar sem segir frá heimsókn formanns til ICAS.

Það var því afar ánægjulegt að á nýafstaðinni haustráðstefnu endurskoðenda tilkynntu bæði forsvarsmenn frá Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík að fyrirhugað sé að hefja mastersnám í endurskoðun og reikningskilum haustið 2005.

Báðir skólarnir hafa þegar hafið undirbúningsvinnu varðandi skipulagningu á náminu og í því sambandi leitað til félagsins um að leggja þeim lið. Menntunarnefnd félagsins mun hafa forræðið í þessum málum fyrir hönd félagsins og hefur tilnefnt sína fulltrúa sem munu verða skólunum til ráðgjafar.

## Fyrirhuguð haustferð FLE til Stokkhólms í september 2005

Í upphafi árs 2004 fór fram könnun meðal félagsmanna hvort áhugi væri fyrir því að halda haustráðstefnu félagsins árið 2005 á erlendri grundu. Um eitt hundrað félagsmenn svöruðu og lýstu yfir áhuga sínum á því að ráðstefnan yrði haldin erlendis og var mikill meirihluti þeirra fylgjandi því að hún yrði haldin í Stokkhólmi. Strax í mars hóf menntunarnefnd félagsins undirbúning vegna málsins og sér til aðstoðar skipaði hún undirbúningsnefnd þriggja valinkunnra einstaklinga, sem áður hafa haft veg og vanda af slíkum ráðstefnum.



Það er skemmst frá því að segja að búið er að taka frá flug til Stokkhólms í lok september og einnig hefur verið tekið frá hótélrymi sem og ráðstefnusali. Jafnframt hefur formaður félagsins ásamt varaformanni átt óformlega fundi með formanni og framkvæmdastjóra sænska félagsins (FAR), sem og framkvæmdastjóra Norræna endurskoðendasambandsins (NRF), en hann hefur starfsaðstoðu í Stokkhólmi. Allir hafa þeir lýst því yfir að FAR og NRF munu aðstoða okkur í hvívetna ef eftir því verði leitað. Eins og sjá má af framanrituðu er undirbúningur í fullum gangi og komið að því nú um áramótin að FLE verður að fara að takast á hendur ákveðnar skuldbindingar vegna fyrirhugaðrar ferðar.

Félagsmenn mega því eiga von á því að fljótlega upp úr áramótum verði þeim sent bréf þar sem þeir eru beðnir að staðfesta þátttöku sína í haustferð 2005 til Stokkhólms.

Stjórn félagsins hvetur félagsmenn til að bregðast fljótt og vel við þegar til þeirra verður leitað, þannig að lokaundirbúningur ferðarinnar geti hafist strax eftir áramótin.

## Lokaorð

Nýkjörin stjórn FLE kom saman til síns fyrsta fundar þann 18. nóvember sl. Tveir nýir einstaklingar tóku nú sæti í stjórn en það eru þau Gerður Guðjónsdóttir og Lúðvík Karl Tómasson. Fyrir í stjórn voru þau Sigurður B. Arnþórsson formaður, Lárus Finnbogason varaformaður og Sigríður Helga Sveinsdóttir. Á fundinum var til laga formanns um Sigríði Helgu sem gjaldkera og Gerði sem ritara samþykkt samhljóða.

Að undanförunu hefur formaður félagsins ásamt varaformanni átt fundi með fastanefndum félagsins þar sem farið hefur verið yfir störf nefndanna og hvað sé framundan á nýju starfsári. Tilvonandi faglegur framkvæmdastjóri félagsins hefur jafnframt setið þessa fundi en það er ljóst að hann mun í framtíðinni taka virkan þátt í starfi nefndanna og verða þeim mikill styrkur í þeirra starfi.

Ég vil að lokum þakka öllum félagsmönnum og framkvæmdastjóra félagsins fyrir afar ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða og óska þeim og fjölskyldum þeirra gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári.

# Sjónarmið frávillings



Hjörleifur Pálsson  
fjármálastjóri,  
Össur hf.

Ég tilheyri hópi innan FLE sem tímabundið eða til langframa kýs að starfa við annað en endurskoðun og er að sigla inn í fjórða árið mitt sem fjármálastjóri hjá Össuri. Datt í hug að segja ykkur aðeins frá reynslunni af því frekar en að tala um IFRS innleiðingu eins og ég var upphaflega beðinn um að gera.

Er sæll með breytinguna og hefur sem betur fer gengið vel. Hluta af því þakka ég ótvírátt fyrri starfsreynslu. Hún hefur hinsvegar nýst mér á annan hátt en ég reiknaði með. Jú, skilningur á reikningsskilum hefur hjálpað til að hafa yfirsýn yfir reksturinn og samstæðuna sem er verulega mikilvægt. Bein vinna við samningu reikningsskila hefur hinsvegar verið minni en ég átti von á í upphafi og satt að segja verið nánast engin. Reynslan hefur hinsvegar gefið fullt af hugmyndum sem hafa komist í framkvæmd þótt ég hafi þurft að eiga aðra að með að koma þeim í verk.

Reikningsskil, skattskil og innra eftirlit koma kannski fljótt upp í hugann sem góður bakrunnur í starfið en í raun held ég að reynslan af að þjóna allskonar viðskiptavinum hafi kannski reynst besta veganestið. Endurskoðunarstarfið býður upp á að skapa stórt tengslanet, að kyn-

ast mjög fjölbreyttum fyrirtækjum og öllum gerðum af fólki. Þetta held ég að sé eitt það verðmætasta sem starfið hefur upp á að bjóða. Kröfurnar eru býsna miklar og endurskoðunarstarfið er harðeggjað þjónustustarf. Það verður ljósast eftir á þegar vikið er af velli.

Það sem ég hef lært í nýja starfinu um innra eftirlit hefur hinsvegar fátta með kerfi eða eftirlit að gera. Heiðarleiki er eitt af þremur grundvallargildum Össurar. Einfalt og árangursríkt þegar það er innleitt á trúverðugan hátt af forstjóra fyrirtækisins. Eftir á að hyggja held ég að sú grundvallarendurskoðunaraðgerð að meta heiðarleika stjórnenda við viðtöku á nýju verkefni sé verulega vanmetin. Það sem á eftir kemur markast mjög af útkomunni úr því prófi.

Mig langar að nota tækifærið til að skora á forsvarsmenn FLE að muna að félagið er ekki lengur bara félag starfandi endurskoðenda heldur líka þeirra fjölmörgu endurskoðenda sem kjósa að sinna öðrum störfum. Hef þá bjargföstu trú að það geri endurskoðunarstéttinni og fyrirtækjum þeirra aðeins gott að fólk fari tímabundið út og komi vonandi síðar inn aftur með nýja og fjölbreytta reynslu. Mér er mjög illa við þá þróun í félagsstarfinu sem fram kom á þessu ári, þar sem beinlínis er eins og hluti félagsmanna telji hagsmunum sínum betur borgið, með því að gera þeim sem tímabundið standa utan við greinina erfitt fyrir með að halda réttindum sínum í gegnum miðstýringaráratu í endurmenntun. Skil ekki hvað mönnum gengur til að þrengja svona rammann um hvað er viðurkennt sem endurmenntun. Þar fyrir utan má síðan halda því fram að fundarsókn verði seint góður mælikvarði á getu.

## Til sölu á skrifstofu FLE

Íðorðaskrá endurskoðenda. Útg. af orðanefnd FLE 1996. Verð kr. 2.280,-

IASB International Financial Reporting Standards 2004. Bókin er uppseld en hægt er að panta bókina beint að utan. Sjá nánar heimasíðu FLE.

Handbook of International Auditing, Assurance and Ethics Pronouncements, 2004. Verð kr. 7.000 án vsk.



# Ný reglugerð um endurmenntun

Í ársbyrjun 2004 tók gildi ný reglugerð um endurmenntun endurskoðenda. Við þær breytingar sem gerðar voru, var m.a. stuðst við upplýsingar um endurmenntunarkröfur á hinum Norðurlöndunum. Þar eru endurmenntunarkröfur öllu meiri en hér. Helstu breytingar frá fyrri reglugerð er að endurmenntun er skipt upp í faglegan og almennan hluta, skila þarf fyrirfram til menntunarnefndar upplýsingum um endurmenntun og sé kröfum reglugerðarinnar ekki fylgt þá leiðir það af sér sviptingu réttinda. Allir endurskoðendur eru nú á sama þriggja ára endurmenntunartímabilinu en ekki þrjú tímabil í gangi eins og var skv. eldri reglugerð.

Hefrst hefur af óánægju með nýju reglugerðina þó ekki verið sagt að hún sé almenn. Kann sú óánægja m.a. að stafa af því að í nýju reglugerðinni eru mun meiri kröfur um faglega endurmenntun og eins að viðurlög eru nokkuð ströng en voru engin í eldri reglugerð. Endurmenntun verður alltaf íþyngjandi, annars er sjálfsgagt ekkert gagn að henni. Kröfur reglugerðarinnar eru hinsvegar lágmarkskröfur, 18 einingar á hverju þriggja ára tímabili í þeim þremur faglegu þáttum sem þar eru nefndir. Vel má rökstyðja mun meiri kröfur. Hverjum og einum er frjálst að leggja mun meiri áherslu á tiltekna þætti endurmenntunar t.d. til að sérhæfa sig. Það undanskilur viðkomandi þó ekki frá að halda við þekkingu sinni á öðrum sviðum sem að starfsheitinu snúa. Öllum sem starfa við endurskoðun er ljóst að þörf er á endurmenntun. Hinsvegar má vera að hægt sé að starfa við endurskoðun án þess að sækja neina endurmenntun. Það er metnaðarlaus afstaða og getur reynst stéttinni afar skaðleg. Þess vegna eru lágmarkskröfur gerðar til hvers og eins sem hefur og vill hafa áfram starfsheitið endurskoðandi.

Við vinnslu reglugerðarinnar var skýrt tekið á því að ein klukkustund gefur eina einingu í endurmenntun. Sú setning féll hinsvegar niður við prentun en þau mistök eiga ekki að hafa ekki áhrif á efni reglugerðarinnar. Efnislega er reglugerðin ekki sett í prentuninni. Má í því sambandi vísa til sambærilegra tilvika varðandi lög og dómur hafa fallið um.

## Skipting í faglegan og almennan hluta

Skipting í faglegan og almennan hluta tekur m.a. mið af norsku reglugerðinni. Í Noregi eru meiri kröfur í heild sem og í faglega hlutanum. Við gerð reglugerðarinnar þótti ekki ástæða til að auka kröfur til faglegrar endurmenntunar umfram það sem gert var, a.m.k. ekki til að byrja með. Við breytingar á endurmenntunarkröfum í framtíðinni verður væntanlega höfð hliðsjón af því hver raunveruleg endurmenntun stéttarinnar er sem heildar. Ég tel eðlilegt að þessar kröfur aukist bæði þar sem umhverfi það sem við störfum í er í sífelldri þróun og að meðal endurmenntun sl. tvö tímabil er mun meiri en þetta. Stétt okkar er nauðsynlegt að endurmennta sig eins og þörf er á, sérstaklega í faglega hlutanum. Þörfina má, a.m.k. að hluta, ráða af því hvað stétt okkar er að gera varðandi endurmenntun sem heild. Almenni hlutinn var meira hugsaður til að yta á um þátttöku í viðburðum á vegum félagsins og eins að endurskoðendur víkji sjóndeildarhring sinn, utan þess faglega, með skipulögðum hætti. Allar einingar sem ekki er þörf á í faglega hlutann nýtast þó í hinn almenna.

Nokkuð hefur borið á þeim sjónarmiðum að þeir sem starfi ekki við fagið, þurfi ekki á þessari endurmenntun að halda. Þetta sé endurmenntun sem ætluð er þeim sem eru að vinna í krefjandi verkefnum í sínu starfi. Í reglugerðinni er ekki verið að horfa á þetta eftir því hversu krefjandi starfi hver og einn gegnir, heldur er eingöngu horft á starfsheitið endurskoðandi. Endurskoðendum er í sjálfsvald sett hvort þeir starfi við fagið eða ekki. Vilji einhver, sem ekki starfar sem endurskoðandi, losna undan kröfum um endurmenntun, þá getur sá hinn sami lagt inn skírteini sitt, deponerað. Við deponeringu losnar viðkomandi að auki undan kröfum um starfsábyrgðartryggingu. Reglugerðin gerir svo ákveðnar kröfur til manna um endurmenntun sem vilja fá skírteinið til baka, kröfur sem telja verður mjög vægar. Á síðasta aðalfundi var sam-

þykkt breyting á lögum félagsins sem heimilar þeim félagsaðild sem hafa lagt inn skírteini sitt.

## Krafa um að tilkynna menntunarnefnd um endurmenntun

Öll endurmenntun á að vera skipulagt ferli. Á hverju þriggja ára tímabili skal hver endurskoðandi skila 90 einingum í endurmenntun. Menntunarnefnd FLE er ætlað það hlutverk að hafa eftirlit með hvernig hver og einn aflar sér endurmenntunar. Gildir það bæði um félagsmenn FLE sem og þá sem eru utan félagsins. Til að rækja þessar skyldur sínar er nefndinni því nauðsynlegt að vita hvað hver og einn er að aðhafast varðandi endurmenntun hverju sinni. Auk þess væri það ótækt að ætla menntunarnefnd eftirá, þegar einhver nær ekki tilskyldu lágmarki, að meta hvort í þessu eða hinu felist endurmenntun. Sé ekki fallist á eitthvað af því, þá kann afleiðingin að vera að viðkomandi missir löggildingu. Sinni hinsvegar einhver ekki endurmenntun með skipulögðum hætti eftir reglugerðinni, þ.m.t. að tilkynna fyrirfram um hvað hann er að aðhafast í því sambandi, þá á hann alfarið við sjálfan sig að sakast, missi hann löggildingu sína. Með þessu móti er hver og einn gerður ábyrgur fyrir eigin endurmenntun og afleiðingum þess að sinna henni ekki.

## Tækifæri til að ná endurmenntunareiningum

Hverjum og einum endurskoðanda er ætlað að bera sig eftir sinni endurmenntun. Mörg tækifæri hafa verið á þessu fyrsta ári til að ná einingum. Menntunarnefnd hefur unnið með Endurmenntun HÍ við að skipuleggja ákveðin námskeið í þessu efni og nú hefur endurmenntun HR bæst við. Félagið stendur fyrir endurskoðunar-, reikningsskila- og skattadegi, sem hver um sig veitir 2/3 þeirra eininga sem þarf í faglega hlutann á hverju tímabili. Ýmis önnur tækifæri hafa boðist m.a. hafa endurskoðunarfyrirtæki staðið fyrir opnum ráðstefnum. Óski einhver, t.d. endurmenntunarfólk eða aðrir, eftir samþykki fyrir námskeiðum sem standa eiga





### Viðurlög við að standast ekki kröfur um endurmenntun

Afleiðing þess að standast ekki kröfur um endurmenntun er svipting réttinda. Með þessu ákvæði er undirstrikað að það er full alvara í reglugerðinni með kröfum um endurmenntun. Nauðsynlegt er að slíkt ákvæði sé í reglugerðinni, bæði fyrir þá sem þurfa að hafa eftirlit með framkvæmd hennar og til þess að tryggja að farið sé eftir henni. Stétt okkar er mikilvægt að fylgjast með breytingum í fagi okkar. Það eru því

heilðarhagsmunir stéttarinnar að tryggja að allir endurskoðendur sinni endurmenntun, a.m.k. að einhverju lágmarki. Geri þeir það ekki þá kann það að rýra álit stéttarinnar í heild og er því ekki einkamál einhverra einstaklinga. Þess vegna er nauðsynlegt að skýr ákvæði séu um viðurlög. Þar sem kröfur reglugerðarinnar eru ekki miklar, er það engum ofviða að mæta þeim kröfum.

### Að lokum

Á fundi menntunarnefndar nýlega var tekin sú afstaða að taka strangt á því að leitað sé staðfestingar fyrirfram varðandi endurmenntun. Í þessu skyni hefur verið hannað sérstakt eyðublað þar sem veittar eru upplýsingar um nám-

skeið þau sem sótt er um staðfestingu á. Haldið verður utan um öll samþykkt námskeið á skrifstofu FLE en engum upplýsingum verður dreift til óviðkomandi um hvað hefur verið samþykkt.

Kröfur um endurmenntun sérfræðistétta eru almennt að aukast í þjóðfélaginu. Það verður stétt endurskoðenda til sóma að standa vel að endurmenntun. Menntunarnefnd mun áfram hafa samráð við Endurmenntun HÍ og HR um framboð á námskeiðum fyrir endurskoðendur. Stöndum því vel og með metnaðarfullum hætti að endurmenntun okkar og treystum með því álit stéttarinnar út á við.

Fyrir hönd menntunarnefndar FLE,  
Þórir Ólafsson

# Nýir félagar árið 2004

Í árslok luku níu einstaklingar verklegum prófum til löggildingar í endurskoðun og öðluðust þar með rétt til að fá löggildingu sem endurskoðendur. FLE óskar nýjum endurskoðendum allra heilla í starfi og býður þá velkomna í félagið.



Arnar Már Jóhannesson,  
PricewaterhouseCoopers hf.



Auðunn Guðjónsson,  
KPMG Endurskoðun hf.



Barði Ingvaldsson,  
Deloitte hf.



Birgir Grétar Haraldsson,  
Deloitte hf.



Davíð Búi Halldórsson,  
PricewaterhouseCoopers hf.



Erling Tómasson,  
Deloitte hf



Hinrik Heiðar Gunnarsson,  
KPMG Endurskoðun hf.



Ingunn H. Hauksdóttir,  
KPMG Endurskoðun hf.



Þórarinn Þórarinnsson,  
Deloitte hf

# Endurskoðunarnefndir í fyrirtækjum

## Inngangur

Á síðustu tíu til fimmtán árum hefur hulunni verið svipt af mörgum reikningsskilasvikum (e. accounting fraud). Segja má að hneykslið í kringum lífeyrissjóði Maxwell samsteypunnar í Bretlandi hafi markað „upphaf“ þessa tíma-bils. Mál Enron-samsteypunnar í Bandaríkjunum, sem uppvíst varð um á árinu 2001, er hins vegar það mál sem vakið hefur hvað mesta athygli. Enron-hneykslið gerði ekki einungis fé-

## Prófnefnd

Prófnefnd endurskoðenda hefur lokið yfirferð löggildingarprófa haustið 2004 og gert prófmönnum grein fyrir niðurstöðum.

Alls þreyttu 65 einstaklingar próf að þessu sinni og urðu niðurstöður í einstökum greinum þannig:

### Próf í endurskoðun:

28 þreyttu próf, 57,1% hlaut tilskilda lágmarks-einunn 7,5 eða þar yfir.

### Próf í reikningsskilafraeðum:

34 þreyttu próf, 38,2% hlaut tilskilda lágmarks-einunn 7,5 eða þar yfir.

### Próf í skattskilum:

36 þreyttu próf, 38,9% hlaut tilskilda lágmarks-einunn 7,5 eða þar yfir.

### Próf í gerð reikningsskila:

31 þreyttu próf, 41,9% hlaut tilskilda lágmarks-einunn 7,5 eða þar yfir.

Níu einstaklingar hafa lokið öllum fjórum prófunum með tilskilinni lágmarkseinkunn og hljóta löggildingu sem endurskoðendur á árinu 2005.

Fyrirhugað er að halda löggildingarpróf 2005 í fyrri hluta októbermánaðar. Fyrirhugað er að halda fund með umsækjendum í fyrri hluta september og námskeið þar sem farið verður yfir úrlausnir löggildingarprófa 2004 í framhaldi af því.

F.h. prófnefndar  
Árni Tómasson

lagið sjálft gjaldþrota, heldur hafði það mjög mikil samfélagsleg áhrif. Margir starfsmanna félagsins höfðu fjárfest í hlutabréfum þess og töpuðu öllu. Einnig varð ein af stærri endurskoðunarskrifstofum heimsins óstarfhæf eftir að upp komst um reikningsskilasvikin. Allt þetta er hægt með góðu móti að meta í krónum og aurum, en erfiðara er að meta þann álitshnekki sem fjármálmarkaðurinn, og þá sérstaklega hlutabréfamarkaðurinn, varð fyrir. Fjárfestar og fleiri misstu traustið á hlutabréfamarkaðinum. Því það eru fjárfestarnir, hlutafjäreigendurnir, sem koma til með að bera hið beina fjárhagslega tjón að lokum. Það er talið að fjárhagslegt tjón fjárfesta fram til ársins 2002, nemi um 200 milljörðum dollara. Hið óbeina fjárhagslega tjón ber hinn almenni borgari, t.d. með hærri viðskiptakostnaði eða lægri ellilífeyri (þar sem margir lífeyrissjóðir urðu fyrir fjárhagslegu tjóni). Eitthvað að þessum peningum hefur skilað sér aftur með hækkandi gengi hlutabréfa, en þeir fjölmörgu sem seldu á þessum tíma fá að öllum líkindum ekki tjón sitt bætt.

Hægt er að segja að Enron-hneykslið hafi verið „kornið sem fyllti mælinn“ og stjórnvöld hafi verið tilneydd til að grípa í taumana. Í Bandaríkjunum voru Sarbanes-Oxley Act lögin sett árið 2002, en setning þeirra er dæmi um mestu breytingar á bandarískum hlutabréfamarkaði síðan The Securities Exchange Act frá árinu 1934 voru lögleidd. Fimm árum fyrr, eða árið 1929, komu út fyrstu leiðbeiningarnar um það hvernig standa skuli að gerð efnahagsreiknings í The Federal Reserve Bulletin.

## Margar skýrslur um bættastjórnunarháetti

Allnokkrar skýrslur hafa verið skrifaðar og gefnar út í þeim tilgangi að bæta stjórnunarháetti í fyrirtækjum. Einna frægust er Cadbury Report – skýrsla frá árinu 1991. Einnig mætti nefna skýrslur eins og The Turnbull Report (1999), The Treadway Commission (1987), The Hampel Re-



Einar Guðbjartsson,  
dósent, Viðskipta-  
og hagfræðideild  
Háskóla Íslands

port (1998), COSO Internal Control (1992), The Greenbury Committee (1995) og The Rutteman Report (1994). Þessar skýrslur, og fleiri til viðbótar, fjalla allar um bættastjórnunarháetti og bætt innra eftirlit í fyrirtækjum. Í skýrslunum er þeim tilmælum beint til markaðarins (þ.e. til SRO stofnanana) að taka á þeim endurskoðunarþáttum sem talið var að væri ábótavant. En allt kom fyrir ekki, eftir því sem skýrslunum fjölgaði, fjölgaði hneykslismálunum.

Um áramótin 1999/2000 kom The Blue Ribbon Committee (BRC, *Report and recommendations of the Blue Ribbon Committee on improving the effectiveness of corporate audit committees*) með nýja skýrslu um endurskoðunarnefndir í fyrirtækjum með aukna skilvirkni að leiðarljósi. BRC tók upp þráðinn þar sem aðrir skýrsluhöfundar létu staðar numið, en nefna má Treadway Commission skýrsluna í því sambandi. Það sem er athyglisverðast í skýrslu BRC er að úrbótaatriðunum er ekki beint til markaðarins almennt, heldur er lagt til að tiltekna SRO stofnanir, t.d. hlutabréfamarkaðurinn í New York (NYSE), breyti verklagsreglum sínum í samræmi við niðurstöður skýrslunnar, sem þýðir að þau fyrirtæki sem skráð eru t.d. í Kauphöllinni í New York verða að breyta verklagsreglum sínum.

## Blue Ribbon Committee og endurskoðunarnefndir

Niðurstöður skýrslu BRC eru stefnumarkandi, þar sem þeim er beint að kauphöllum frekar en



fyrirtækjum almennt, eins og fyrri skýrslur gerðu. Þó svo að áhrifa skýrslunnar gæti einna mest í Bandaríkjunum, þá er það einungis spurning um tíma hvenær sambærilegar kröfur koma fram í Evrópu og þar með í Evrópubandalaginu. Reyndar koma fram kröfur um endurskoðunarnefndir í 8. tilskipun bandalagsins, en þær eru ekki eins ítarlegar og fram koma í niðurstöðum BRC skýrslunnar. Í BRC skýrslunni er áherslunni beint að umhverfi og starfshæfi endurskoðunarnefnda (e. audit committee) innan fyrirtækja. Þar er athyglinni beint að samskiptum þriggja aðila er tengjast reikningsskilum fyrirtækja, þ.e. stjórn fyrirtækisins, ytri endurskoðanda og endurskoðunarnefndarinnar. Þessir aðilar eiga það sameiginlegt að geta komið í veg fyrir reikningsskilsvik, á borð við þau sem uppvíst varð um hjá Enron.

BRC leggur til að tíu almennar leiðbeinandi reglur um uppbyggingu og starfsskilyrði (e. recommendations) endurskoðunarnefnda og fimm leiðbeinandi verklagsreglur (e. guiding principals) verði innleiddar sem reglur hjá kauphöllum í Bandaríkjunum. Hér er einungis fjallað um leiðbeinandi reglur vegna uppbyggingar og starfsskilyrði.

## Leiðbeinandi reglur nr. 1 og 2

Í reglum nr. 1 og 2 er fjallað um hvaða fyrirtæki eiga og ættu að setja á fót endurskoðunarnefndir. Þar er einnig skilgreint hvað telst vera sjálfstæður og óháður nefndarmaður. Lagt er til að New York Stock Exchange (NYSE) og National Association of Securities Dealers (NASD) breyti reglum sínum þannig að öll fyrirtæki er hafa stærri efnahagsreikning en 200 milljónir dollara, skuli koma á fót endurskoðunarnefndum. Einnig beinir BRC þeim tilmælum til félaga sem hafa minni efnahagsreikning en 200 milljónir dollara að þau komi einnig á fót slíkum nefndum.

Þeir nefndarmenn sem veljast í endurskoðunarnefnd verða að vera óháðir bæði *stjórn* félagsins og *fyrirtækinu* sjálfu. Til þess að vera talinn sjálfstæður og óháður nefndarmaður má viðkomandi m.a. ekki hafa verið starfsmaður þess sl. fimm ár, ekki vera í verulegum viðskiptum við félagið, ekki vera tengdur æðstu stjórnendum þess fjölskylduböndum og ekki hafa

fengið laun eða önnur hlunnindi frá fyrirtækinu nema fyrir stjórnarsetu.

## Leiðbeinandi reglur nr. 3 til 10

Í reglum nr. 3 til 10 er fjallað um innri uppbyggingu og umhverfi endurskoðunarnefndar. Mikil áhersla er lögð á að starfsskilyrði og -umhverfi nefndarinnar verði þannig úr garði gert að sjálfstæði og þekkingu sitji í fyrirrúmi þegar kemur að skipun í hana.

### Þekking og hæfni nefndarmanna

Í leiðbeinandi reglu nr. 3 er tekið á atriðum er lúta að þekkingu nefndarmanna. Rík áhersla er lögð á að viðkomandi hafi „reikningsskilalegt og fjármálalegt læsi“ (e. financial literacy). Lágmarksfjöldi nefndarmanna er þrjú. Allir þurfa þeir að uppfylla ákvæðið um reikningsskilalegt og fjármálalegt læsi, auk þess sem a.m.k. einn þarf að hafa sérþekkingu á þessu sviði (e. accounting and financial management expertise). Verkefni nefndarmanna er að hafa eftirlit með reikningsskila- og fjármálakerfum fyrirtækisins. Meðal efnis sem nefndarmenn þurfa að kunna skil á er:

- hvaða áhrif breytingar á reikningsskilaáferðum hafa á rekstrar- og efnahagsreikning.
- fjármögnun utan efnahagsreiknings
- skilning á fjármálaferlum og skýrslugerð ásamt innra eftirliti

### Starfs- og upplýsingaskilyrði endurskoðunarnefndar

Í leiðbeinandi reglum nr. 4 og 5 er fjallað um starfs- og upplýsingaskilyrði endurskoðunarnefndar. BRC leggur það til að NYSE og NASD krefjist þess að öll fyrirtæki, sem skráð eru á hlutabréfamarkað, geri skriflegan samning við endurskoðunarnefndirnar. Um er að ræða sérstakan starfssamning (e. chapter) á milli endurskoðunarnefnda og stjórna fyrirtækja, þar sem m.a. er tekið á ábyrgð endurskoðunarnefnda, uppbyggingu þeirra, hvernig endurskoðunarnefndirnar ætla að framfylgja skyldum sínum o.fl. Starfssamninginn verður að yfirfara árlega og hann verður að birta í ársreikningi viðkomandi fyrirtækis ekki sjaldnar en á 3ja ára fresti. Upplýsingaskilyrði endurskoðunarnefnda gagnvart hluthöfum er mjög rík, nefna má atriði eins

og þau sem lúta að starfsskilyrðum nefndarinnar og innihaldi starfssamnings.

### Ábyrgð endurskoðunarnefndar að tryggja sjálfstæði og óhæði

Í næstu þremur leiðbeinandi reglum er fjallað um ábyrgð endurskoðunarnefndar að tryggja sjálfstæði og óhæði ytri endurskoðanda. Þetta ákvæði er skylda í starfssamningi. Ytri endurskoðandi er ábyrgur gagnvart stjórn félagsins og endurskoðunarnefnd þess. Stjórn félagsins og endurskoðunarnefnd hafa vald og ábyrgð til að velja, meta og koma með tillögur um ytri endurskoðanda, og geta ef ástæða er til skipt um ytri endurskoðanda.

Sérstaklega er fjallað um eftirlit með samskiptum ytri endurskoðanda og félagsins í leiðbeinandi reglum nr. 7 og 8. Meðal annars ber endurskoðunarnefnd ábyrgð á því að fá skriflega staðfestingu um sjálfstæði og óhæði ytri endurskoðanda gagnvart fyrirtækinu í samræmi við ISBS 1. Það er skylda ytri endurskoðanda að taka upp og gera skýrslu um þau atriði er viðkomandi telur að geti haft áhrif á sjálfstæði sitt og óhæði gagnvart fyrirtækinu. Endurskoðunarnefnd þarf að samþykka alla aðra veitta aðstoð/þjónustu frá ytri endurskoðanda en endurskoðunarþjónustu til félagsins. Einnig er ætlast til þess að endurskoðunarnefndin hafi yfirlit um samskipti stjórnar og ytri endurskoðanda.

Í leiðbeinandi reglu nr. 8 er fjallað um að ytri endurskoðandi verður m.a. að ræða við endurskoðunarnefnd um reikningsskila- og endurskoðunaratriði vegna reikningsskila félagsins. Meðal atriða sem ræða þarf eru:

- gæði reikningsskila og endurskoðunar
- á hvaða stigi reikningsskilin eru, t.d. skapandi reikningsskil eða íhaldssöm reikningsskil
- matsaðferðir sem notaðar eru, t.d. kostnaðarverð eða markaðsverð
- mikilvægar ákvarðanir við reikningsskil

Ekki kemur fram í skýrslunni nákvæm tíma- og fjárhagssetning þessara funda, t.d. eftir að endurskoðun hefur átt sér stað eða á meðan endurskoðun á sér stað. Þetta atriði ásamt öðrum verður að koma fram í starfssamningi nefndarinnar. Ef ytri endurskoðandi verður var við ólöglegt tilkynn-



ingarskyllt athæfi innan fyrirtækisins skal tilkynna slíkt til endurskoðunarnefndar. Ef mismunandi skoðanir eru á milli ytri endurskoðanda og stjórnar eða annarra yfirmanna um reikningsskilalega meðferð á einstaka þáttum skal endurskoðunarnefnd látin vita. Endurskoðunarnefndin á einnig að fylgjast með hvernig stjórn félagsins stendur að undirbúningi vegna reikningsskila félagsins.

### **Upplýsingamiðlun og samskipti við stjórn, innri og ytri endurskoðanda**

Leiðbeinandi regla nr. 9 fjallar um miðlun upplýsinga frá endurskoðunarnefndinni. BRC leggur til við SEC að skýrsla endurskoðunarnefndar verði hluti af ársreikningi, árlegum reikningsskilum, félagsins. Í skýrslu endurskoðunarnefndar skal m.a. koma fram hvort stjórn félagsins hafi rætt við endurskoðunarnefndina um árleg reikningsskil félagsins, upplýsingar um gæði reikningsskilanna, reikningsskilaaðferðir o.fl. Þessi regla felur það í sér að endurskoðunarnefndin þarf annars vegar að funda með stjórn og hins vegar með ytri endurskoðanda um þær reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru ásamt gæðum reikningsskilanna.

Leiðbeinandi regla nr. 10 fjallar um að endurskoðunarnefnd komi meira að gerð árs hlutareikningsskilum (e. interim reporting). Leggur BRC til að SEC beiti sér fyrir því að SAS staðli 71 verði breytt þannig að samskipti ytri endurskoðanda og endurskoðunarnefndar verði heimilud.

### **Lokaorð**

BRC skýrslan er gerð í þeim tilgangi að auka skilvirkni þeirra þátta er lúta að reikningsskilagerð fyrirtækja. Formlegt nafn nefndarinnar er *Report and recommendations of the Blue Ribbon Committee on improving the effectiveness of corporate audit committees*. Það kemur fram í inngangi skýrslunnar að nauðsynlegt er að hafa nefnd er hefði það hlutverk að hafa eftirlit með fjármála- og reikningsskilaferlum fyrirtækis og samskipti þeirra er koma að þessum ferlum. Með þessu fengi skilvirkni og gæði meira vægi. Þessar ráðstafanir eiga að leiða til þess að gegnsæi og gæði aukast í reikningsskilum fyrirtækja og þar með stuðla að auknu trausti á fjármálamarkaðinum.

# Reikningsskiladagur FLE

Reikningsskiladagur FLE var haldinn í annað sinn þann 24. september s.l. á Grand Hótel Reykjavík. Ráðstefnan var öllum opin en met þátttaka var, eða 214 manns, en þar af voru 28 utan félagsins. Eins og vænta mátti var innleiðing og gildistaka alþjóðlegra reikningsskila staðla hér á landi fyrirlesurum hugleikin.

Ráðstefnustjóri var að þessu sinni Sæmundur Valdimarsson. Fyrsti fyrirlesari fundarins var Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi og formaður Reikningsskilaráðs. Erindi hans bar heitið Innleiðing alþjóðlegra reikningsskila staðla á Íslandi og fór hann yfir laga- og reglugerðarumhverfi staðlanna í Evrópu en vægi þeirra hefur breyst verulega í kjölfar þess að Evrópusambandið samþykkti gildistöku staðlanna frá 1. janúar 2005. Þá fjallaði Sigurður um viðfangsefni íslenskra stjórnvalda, sem er viðfangsmikið. Það felst einkum í lögfestingu á tilskipun Evrópusambandsins er varðar gildistöku staðlanna, lagabreyting á ársreikningalögum og síðast en ekki síst þýðingu IAS staðlanna. Þar hafa lagst á eitt allmargir aðilar, s.s. þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins, sérfræðingar af endurskoðunarstofum og ritnefnd reikningsskilaráðs, en þýða þurfti um 1.000–1.500 blaðsíður og áætlaður kostnaður er um 30 m.kr. Niðurstaða Sigurðar var að breytt umhverfi reikningsskila komi til með að hafa töluverð áhrif á störf aðila í viðskiptalífinu, s.s. kauphallarskráð félög, stjórnvöld, lesendur reikninga og síðast en ekki síst endurskoðendur.

Næstur á mælendaskrá var Guðmundur Guðbjarnarson, forstöðumaður ársreikningaskráar. Umfjöllunarefni hans var gildissvið alþjóðlegra reikningsskila staðla og lagði hann áherslu á þau félög sem ekki eru skráð á verðbréfamarkaði. Jafnframt greindi hann frá þeirri vinnu sem er í gangi varðandi breytingar á ársreikningalögum, en þau þurfa að vera í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins. Nokkur álitamál hafa komið upp, s.s. hvaða félög verða skyldug til að gera ársreikninga sína samkvæmt alþjóðlegum reglum og hvaða félög hafi heimild til að beita þeim. Þá kom fram að unnið er að samningu sérstaks reikningsskila staðals fyrir smá og meðalstór fé-

lög og má gera ráð fyrir að stór hluti íslenskra fyrirtækja falli undir þann staðal. Í máli Guðmundar kom fram að skráð íslensk félög hefðu verið nokkuð óþolinmóð varðandi innleiðingu alþjóðlegra staðlanna hér á landi en hann taldi að ekki væri við stjórnvöld að sakast í þeim efnum.

Ólafur Þór Jóhannesson endurskoðandi fjallaði um gangvirði í reikningsskilum (Fair value). Í erindi hans komu fram ýmis álitamál varðandi aðkomu endurskoðenda að þeim málum og taldi hann að endurskoðendur gætu ekki bæði framkvæmt útreikninga á gangvirði og endurskoðað það. Nauðsynlegt er að kalla til sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum til að ná fram sem bestri niðurstöðu fyrir alla viðkomandi aðila.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands hf. fjallaði um sýn Kauphallarinnar á innleiðingu alþjóðlegra reikningsskila staðlanna. Hann fjallaði um hlutverk Kauphallarinnar og tók saman yfirlit varðandi stöðuna eins og hún er í dag. Þar kom fram að í Kauphöllinni eru 40 skráðir hlutabréfaútgefendur en nú þegar beitir eitt félag þ.e. Össur hf., alþjóðlegum reikningsskila staðlum. Þá var það mat Þórðar að staðlarnir myndu hafa mikið gildi fyrir fyrirtækin og yrðu í framtíðinni lykillinn að öflugri fjárfestatengslum.

Umfjöllun um IAS staðla nr. 32 og 39 var næst á dagskrá og flutti Reynir Stefán Gyfason endurskoðandi erindi um það efni. Af umfjöllun Reynis Stefáns má ljóst vera að margt mun breytast er varðar bókun og framsetningu fjármálagerna á ársreikningum fyrirtækja í nánustu framtíð og þó kom fram að aðeins væri fjallað um einföldustu atriðin í samantekt hans.

Síðastur á mælendaskrá ráðstefnunnar var Þórður Pálsson, forstöðumaður greiningardeildar KB banka. Erindi hans fjallaði um viðhorf fjárfesta til alþjóðlegra reikningsskila staðlanna og kom þar margt áhugavert fram. Taldi Þórður að ekki mætti búast við of miklu, við það að innleiða nýjar reglur, meira þyrfti til, s.s. öflugar eftirlitsstofnanir því reynsian sýndi að menn leituðu ávallt leiða til að komast fram hjá settum reglum.

Menntunarnefnd FLE



# Haustráðstefna FLE

Haustráðstefna félagsins var haldin þann 12. og 13. nóvember á Hótel Loftleiðum. Þema fyrri dagsins var alþjóðavæðing íslensks atvinnulífs en miklar breytingar hafa orðið á undanförunum árum og má þar helst nefna útrás fyrirtækja og banka.

Að lokinni setningu formanns, Sigurðar B. Arnþórssonar tók ráðstefnustjóri Auður Þórisdóttir við stjórninni. Fyrstur á mælendaskrá var Pétur Blöndal, alþingismaður og formaður efnahags – og viðskiptanefndar Alþingis en erindi hans hét „Sjónarhorn löggjafans“. Pétur fjallaði um hlutverk löggjafans í tengslum við alþjóðavæðingu en hlutverk hans er fyrst og fremst að setja lagaramma utan um starfsemina og starfrækja öflugar eftirlitsstofnanir. Um væri að ræða sífellt verkefni en Pétur lagði mikla áherslu á að löggjöfin þyrfti að vera einföld og skilvirk.

Næstur tók til máls Hannes Hilmarsson, framkvæmdastjóri fjármála- og stefnumótunar- sviðs Avion Group. Hann lýsti starfssemi félags-

ins og dótturfélaga þ.e. í hverju hún er fólgin, vélakosti félaganna, fjölda starfsmanna, stjórn- skipulagi o.fl. Greinilegt er að stækkun fyrir- tækisins hefur verið með ólíkindum á örfáum árum.

Helgi G. Sigurðsson, framkvæmdastjóri 3 plús ehf., fjallaði um hvernig félagið fór að við útrás á sinni vöru. Í máli hans kom fram að félagið hafi frá upphafi vandað valið á samstarfs- aðilum, hvort sem það tengdist framleiðslu vör- unnar eða sölu.

Þá tók næstur til máls Halldór Kristmanns- son, forstöðumaður hjá Actavis. Hann sagði að á síðustu fimm árum hafi Actavis breyst í al- þjóðlegt fyrirtæki. Félagið hefur nú starfsemi í 25 löndum og starfsmenn þess eru um 7000. Svona vel hefur tekist til m.a. vegna innri vaxtar, ytri vaxtarstefnu og með markvissri stefnu- mótun og stjórnun.

Eftir kaffihlé var spjótunum beint að erlend- um fjárfestum á Íslandi. En innrás erlendra fjár-

fasta getur ekki talist veruleg hér á landi að undanskildum fjárfestingum í orkufrekum iðn- aði.

Bjarni K. Þorvarðarson, framkvæmdastjóri Columbia Ventures á Íslandi, skýrði frá reynslu sinni að vinna með erlendum fjárfestum hér á landi og erlendis. Hann taldi að erlendir fjárfest- ar fjárfestu hér á landi fyrst og fremst vegna orku og orkuverðs. Þá hjálpaði líka til, að hér á landi er gott vinnuafli, stöðugt efnahagslífi, stöðugt pólitískt landslag og skattar ekki íþyngjandi. Þá er framkvæmdahraðinn hér mik- ill og nálægðin við stjórnsýsluna mikil sem telst kostur.

Þá var komið að Ómari Erni Tryggvasyni frá Rekstrarfélagi KB -banka hf. Hann fjallaði um kaup erlendra fjárfesta á íslenskum skuldabréf- um, en þau hafa farið vaxandi á undanförunum árum. Ástæðan er væntanlega sú, að raunvext- ir á íslenskum skuldabréfum eru mun hærrí en vextir erlendra skuldabréfa, eða um 3,9% á



Horft yfir ráðstefnusalinn

móti 1,9% vöxtum. Íslensku skuldabréfin þykja því vænlegur fjárfestingakostur en í því sambandi verður að taka tillit til gengisáhættunnar þar sem bréfin eru í íslenskum krónum.

„Umhverfi sem laðar erlenda aðila til Íslands“ var heitið á fyrirlestri Ernu Bryndísar Halldórsdóttur, endurskoðanda og framkvæmdastjóra Hyrnu ehf. Í erindinu tók hún saman helstu kosti og galla við íslenskt umhverfi m.t.t. erlendra fjárfesta. Þá hvatti hún félagsmenn FLE að nýta sér betur alþjóðlegu tengsl sín, senda starfsfólk í vinnu erlendis, sækja fundi og ráðstefnur erlendis til að auka þekkingu sína og mynda tengsl við erlenda aðila.

Síðasti fyrirlesarinn var Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands en hann fjallaði um áhrif alþjóðavæðingar á íslenskt efnahagslíf. Í erindinu reyndi hann að setja mælistiku á hversu Ísland er alþjóðavætt í raun og í samanburði við önnur lönd. Þá greindi hann frá hvaða áhrif alþjóðavæðing gæti haft og hefði á hið opinbera og hagstjórn landsins.

Seinni dagur ráðstefnunnar hófst með erindi Ragnars Þ. Jónassonar, forstöðumanns Lögfræðisviðs Kauphallar Íslands hf. um stjórnarhætti fyrirtækja. Reyndi hann m.a. að skilgreina hugtakið stjórnarhættir ásamt því að greina frá nýjum reglum kauphallarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Þar á eftir tók til máls Einar Guðbjartsson, dósent hjá Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og nefndist erindi hans „Endurskoðunarnefndir í fyrirtækjum og verkum þeirra“. Rakti hann m.a. sögulegar forsendur um upphaf endurskoðunarnefnda í fyrirtækjum. Þá greindi hann frá hlutverki endurskoðunarnefnda, skýrði frá leiðbeinandi reglum og aðferðum tengdum þeim.

Næstu þrjú erindi fjölluðu um menntun endurskoðenda. Fyrstur til máls tók Gylfi Magnússon, forseti Viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands. Í máli hans kom fram að Háskóli Íslands byði uppá meistaranám í reikningshaldi og endurskoðun næsta haust. Til að byrja með verður námið byggt á Cand. Oecon náminu en því til viðbótar verða 15 einingar í formi námskeiða, eða námið verður samtals 45 einingar. Hann sagði að undirbúningur námsins væri vel



Ráðstefnustjóri, formaður FLE og hluti fyrirlesara á hausráðstefnu

á veg kominn og óskaði eftir samstarfi við félagið við frekari undirbúning.

Næstur tók til máls Þorlákur Karlsson, forseti Viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík. Í erindi hans kom fram að Háskólinn í Reykjavík mun einnig bjóða upp á meistaranám í reikningshaldi og endurskoðun haustið 2005. Námið verður væntanlega 60 eininga nám og í samstarfi við erlenda háskóla. Þá óskaði Þorlákur líka eftir samstarfi við félagið við skipulagningu námsins ásamt fjárstuðningi.

Þá var komið að Árna Tómassyni, endurskoðanda og formanni prófnefndar. Hann fjallaði um núverandi fyrirkomulag menntunar endurskoðenda á Íslandi, kröfur Evrópusambandsins um menntun endurskoðenda og samanburð á þeim

við íslenskar kröfur. Niðurstaða Árna var að kröfur um menntun endurskoðenda á Íslandi stæðust lágmarkskröfur Evrópusambandsins. Þá skýrði hann frá sinni framtíðarsýn varðandi menntunarmál endurskoðenda og þeim áherslubreytingum sem nauðsynlegar eru, en góð menntun endurskoðenda er forsenda fyrir viðgangi og virðingu stéttarinnar.

Síðasti dagskrárliðurinn var á léttari nótum en Anna Gunnarsdóttir, útlitshönnuður, var með ýmsan fróðleik um liti, merkingu þeirra og samsetningu. Þá tók hún upp á svið, tvo félagsmenn ásamt framkvæmdastjóra félagsins í sýnikennslu um val á sniðum og litum, við mikinn fögnuð áhorfenda.

Menntunarnefnd FLE

## Fráteknar dagsetningar

- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel, miðvikudagur 5. janúar 2005 kl. 12
- Skattadagur FLE, Grand Hótel – Gullteigur, föstudagur 14. janúar 2005
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel, miðvikudagur 2. febrúar 2005 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel, miðvikudagur 2. mars 2005 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel, miðvikudagur 6. apríl 2005 kl. 12
- Endurskoðunardagur FLE, Grand Hótel – Gullteigur, föstudagur 15. apríl 2005
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel, miðvikudagur 4. maí 2005 kl. 12
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel, miðvikudagur 1. júní 2005 kl. 12



# Aðalfundur Félags löggiltra endurskoðenda 2004

Aðalfundur félagsins var haldinn að Hótel Loftleiðum Reykjavík, laugardaginn 13. nóvember 2004.

Á fundinum var fjallað um fagleg málefni félagsins auk þess sem fram fóru hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt tölulíðum 1–18 í 18. grein samþykktu FLE.

## 1. Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra

Sigurður B. Arnþórsson, formaður félagsins setti fundinn með þessum orðum:

„Ágætu félagsmenn, í gær sátu flest okkar athyglisverða ráðstefnu félagsins um alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs, þar sem flutt voru áhugaverð erindi um þá möguleika sem felast í útrás íslenskra fyrirtækja.

Í morgun horfðum við aftur á móti aðeins meira inn á við með því að fjalla um þau atriði sem standa stétt endurskoðenda nær, eins og menntunarmál stéttarinnar, en lokahnykkurinn í morgun snerist um útlit okkar og fas.

Nú er komið að aðalfundi félagsins og býð ég ykkur öll velkomin til fundarins fyrir hönd stjórnar.

Áður en gengið er til dagskrár samkvæmt 18. grein samþykktu félagsins er hefð fyrir því í upphafi fundarins að einstaka fastanefndir félagsins flytji erindi um ákveðin málefni, þar sem frekari umfjöllunar er þörf, umfram það sem fram kemur í skýrslum fastanefnda.

Í ljósi þessa vil ég gera það að tillögu minni að fundurinn kjósi sér fundarstjóra til að stýra umfjöllun um fagleg málefni sem og aðalfundarstörfum og sting hér með upp á Sigurði Tómassyni“.

Tillaga formanns um fundarstjóra var samþykkt. Fundarstjóri kannaði hvort löglega hefði verið boðað til fundarins og lýsti að því loknu

fundinn lögmætan. Fundarstjóri tilnefndi ritara stjórnar félagsins, Jóhann Unnsteinsson, sem ritara fundarins.

## Tekin voru til afgreiðslu fagleg málefni

### Endurskoðunarnefnd – Starfsemi Norrænu endurskoðunarnefndarinnar, NRK

Jón Arnar Baldurs kynnti starfsemi NRK. Í máli Jóns Arnars kom fram að hann sótti tvo fundi hjá NRK á liðnu starfsári. NRK er samstarfsgruðvöllur Norðurlandanna varðandi alþjóðlega endurskoðunarstaðla og annað sem snýr að endurskoðun. NRK er með sameiginlegan fulltrúa á fundum alþjóðlegu endurskoðunarnefndarinnar. Umræða hefur farið fram að frumkvæði Dana um hvort fella eigi niður endurskoðunarskyldu á minnstu félög. Tillaga þar að lútandi hefur komið fram í Finnlandi.

### Menntunarnefnd – Skil á endurmenntunareiningum og breytingar á reglugerð um endurmenntun endurskoðenda, farvegur löggildingarprófa, námskeið fyrir nema í starfsþjálfun

Gerður Guðjónsdóttir fór yfir skil á endurmenntunareiningum fyrir árin 2002 og 2003, nýja reglugerð um endurmenntun og undirbúningsnámskeið fyrir löggildingarpróf. Einnig ræddi Gerður um alþjóðlega menntunarstaðla sem taka gildi á árinu 2006.

### Ritnefnd – Notagildi heimasíðu FLE og efni sem þar er að finna

Ómar H. Björnsson fór yfir nýja heimasíðu FLE sem var opnuð 1. september 2004.

## 2. Skýrsla stjórnar

Sigurður B. Arnþórsson formaður félagsins flutti skýrslu stjórnar.

Á síðastliðnu starfsári var stjórn félagsins þannig skipuð. Sigurður B. Arnþórsson var formaður stjórnar, Lárus Finnbogason var varaformaður, Sigríður Helga Sveinsdóttir gjaldkeri, Jóhann Unnsteinsson ritari og Ómar Kristjánsson meðstjórnandi.

Á þessum aðalfundi munu ganga úr stjórn þeir Jóhann Unnsteinsson og Ómar Kristjánsson, eftir að hafa setið í stjórninni síðastliðin tvö ár.

Í upphafi starfsárs funduðu formaður og varaformaður stjórnar með fastanefndum félagsins þar sem farið var yfir helstu verkefni nefndanna á árinu umfram venjubundin störf.

Í því sambandi skal helst nefna innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna, áttundu tilskipunina, reglur um gæðaeftirlit og gerð nýrrar heimasíðu.

Félagið stóð fyrir fjórum ráðstefnum á árinu sem allar voru mjög vel sóttar. Auk haustráðstefunnar sem haldin var á Akureyri í tengslum við aðalfund félagsins, stóð félagið fyrir Skattadegi, Endurskoðunardegi og Reikningsskiladegi, sem nú er komin föst hefð fyrir. Á þriðja hundrað manns mættu á þá ráðstefnu og er það með fjölmennari ráðstefnum sem félagið hefur staðið fyrir.

Fyrir utan að standa að ráðstefnum, sem hefur verið fjölgað úr þrem í fjórar, hefur menntunarnefndin m.a. þau verkefni að halda utan um endurmenntunareiningar félagsmanna og annast samskipti við menntastofnanir. Það er því ljóst að einstakar fagnefndir verða í framtíðinni



að koma að undirbúningi á ráðstefnum sem tengjast þeirra sviði, en jafnframt gerir stjórnin sér miklar vonir um að ráðning faglegs framkvæmdastjóra muni skipta sköpum í þessum efnum.

Hádegisverðafundur félagsins eru skipulagðir af stjórn félagsins og er ánægjulegt hversu vel þeir eru sóttir, en um fjórðungur félagsmanna mætir að jafnaði á þessa fundi.

Á endurskoðunardegi félagsins í apríl síðastliðinn var m.a. til umfjöllunar sú breyting sem Evrópusambandið hefur gert tillögu um á áttundu tilskipuninni um endurskoðun. Þau málefni sem tilskipunin tekur á munu vafalaust verða ofarlega á verkefnalista stjórnar og nefnda félagsins næstu misseri og gæti orðið ærið verkefni að koma sjónarmiðum okkar á framfæri og gera stjórnvöldum og viðskiptalífínu grein fyrir hversu mikilvæg þessi atriði eru fyrir endurskoðunarstéttina.

Á aðalfundi FLE í nóvember síðast liðinn lagði gæðanefndin fram tillögur að reglum um gæðaeftirlit og fylgdi þeim síðan eftir í bréfi til félagsmanna stuttu síðar, þar sem óskað var eftir athugasemdum við tillögurnar. Að fengnum athugasemdum voru tillögurnar kynntar félagsmönnum á ráðstefnu félagsins um endurskoðun í apríl og síðan endanlegar samþykktar á félagsfundum í maí sl. sem reglur FLE um gæðaeftirlit. Framundan hjá gæðanefnd félagsins er að móta nánar verklagsreglur um framkvæmd gæðaeftirlitsins og er stefnt að því að gæðaeftirlit muni verða framkvæmt í fyrsta sinn samkvæmt samþykktum reglum á næsta starfsári.

Í byrjun starfsársins mæltist stjórn FLE til þess við ritnefnd félagsins og fagnefndir að heimasíða félagsins yrði tekin til gagngerar endurskoðunar og hún nýtt m.a. í þeim tilgangi sem handbókin hefur þjónað til þessa. Ritnefnd FLE vann hörðum höndum að nýrri heimasíðu félagsins síðast liðinn vetur og var hún síðan formlega opnuð nú í haust.

Síðastliðið haust fól Fjármálaráðuneytið Reikningssskilaráði að hafa yfirumsjón með innleiðingu IAS og þýðingu þeirra yfir á íslensku. Skipuð var starfsnefnd til að vinna að nauðsynlegum lagabreytingum vegna innleiðingarinnar, en jafnframt var skipaður sérstakur samráðs-

hópur þar sem fulltrúum hagsmunaaðila var gefinn kostur á að skipa fulltrúa til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Fulltrúi FLE í samráðshópnum var formaður reikningsskilaneftndar félagsins. Fyrir liggur frumvarp um breytingu á lögum um ársreikninga vegna innleiðingar IAS. Mikil vinna hefur verið unnin vegna þýðingar á stöðlunum og var þeirri vinnu m.a. dreift á stærstu endurskoðunarfyrirtækin.

Í byrjun árs tilkynnti prófanefnd að fjórir einstaklingar hefðu staðist verkleg próf til löggildingar í endurskoðun. Svo fáir hafa ekki útskrifast síðan á árinu 1997 en á síðast liðnum sex árum hafa að meðaltali um tíu einstaklingar útskrifast á ári hverju. FLE telur þetta vera umhugsunarefni, og hvort ekki þurfi að skoða, með heildarmyndina í huga, bóklega námið á háskólastigi, starfsþjálfunina sem nemar eiga rétt á, þar sem þeir ráða sig til starfa og prófundirbúninginn sjálfan. Bóklega námið í endurskoðun og reikningssskilum við Háskóla Íslands hefur nánast verið borið uppi af einum aðila síðast liðinn 30 ár, og verður honum seint full þakkað að hafa lagt það

á sig að við stæðum undir merkjum sem löggiltir endurskoðendur á alþjóða vísu. En nú er hún Snorrrabúð stekkur, því í haust lét Stefán Svavarsson af störfum hjá Háskóla Íslands. Menntunarmál endurskoðenda hafa því verið stjórn FLE verulegt áhyggjuefni, því ef bóklegi hlutinn í námi til endurskoðunar stendur ekki á traustum grunni mun framtíð stéttarinnar vera í hættu. Það er því afar ánægjulegt að verða vitni af því, eins og hér í morgun, að fleiri en einn aðili vilja láta þetta málefni sig varða, þar sem bæði Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík hafa nú lýst því yfir að þeir munu taka upp mastersnám í endurskoðun og reikningssskilum haustið 2005. Báðir þessir aðilar hafa haft samband við stjórn félagsins og óskað eftir samstarfi og samráði við undirbúning námsins, sem stjórnin mun væntanlega fúslega veita.

Á síðasta aðalfundi Félags löggiltra endurskoðenda var sú ályktun samþykkt að beina því til nýkjörinnar stjórnar félagsins, að hún hlutist til um að fram fari úttekt á fyrirkomulagi ríkisendurskoðunar, með það í huga að endurskoð-

## Til hamingju með afmælið

85 ára þann 3. febrúar 2005

80 ára þann 20. júní 2005

75 ára þann 23. júní 2005

65 ára þann 1. mars 2005

65 ára þann 7. maí 2005

60 ára þann 7. janúar 2005

60 ára þann 13. febrúar 2005

60 ára þann 18. febrúar 2005

60 ára þann 25. febrúar 2005

60 ára þann 12. júní 2005

50 ára þann 18. janúar 2005

50 ára þann 22. apríl 2005

40 ára þann 25. janúar 2005

40 ára þann 27. mars 2005

40 ára þann 23. apríl 2005

30 ára þann 7. maí 2005

Kolbeinn Jóhannsson

Þorkell Skúlason

Guðjón Eyjólfsson

Guðni S. Gústafsson

Þór Oddgeirsson

Emil Th. Guðjónsson

Þórdís K. Guðmundsdóttir

Símon Kjærnested

Bjarni Jónsson

Sævar Þór Sigurgeirsson

Gunnar Örn Kristjánsson

Heimir Haraldsson

Páll Grétar Steingrímsson

Kristján Ásgeirsson

Knútur Þórhallsson

Matthías Þór Óskarsson





Sigurður Tómasson, fundarstjóri

endur leysi ríkisendurskoðun af hólmi við fjárhagsendurskoðun ríkisaðila og hlutafélaga sem eru í meirihlutaeigu ríkisins. Stjórn félagsins sendi í ársbyrjun bréf til forsætisnefndar Alþingis og ríkisendurskoðunar þar sem þessari bókun var komið á framfæri. Í framhaldi af þessari umræðu innan félagsins kom fram á Alþingi þingmannafurvarp um breytingu á lögum um ríkisendurskoðun. Í greinargerð með furvarpinu kemur fram að eðlilegt þyki að endurskoðun reikninga félaga í eigu ríkissjóðs sem rekin eru sem sjálfstæðar einingar, fari fram með sama hætti og almennt gerist, þ.e. að sjálfstætt starfandi endurskoðendur annist hana. Stjórn félagsins hefur lýst yfir ánægju sinni með framkomu frumvarp og gerir sér vonir um að það nái fram að ganga, enda er frumvarpið á sömu nótum og bókun sú sem félagsmenn samþykktu samhljóða á aðalfundi síðastliðinn vetur.

Á starfsárinu hefur stjórn félagsins haft til skoðunar samþykktir þess, með það í huga að samræma þær þeim breytingum sem orðið hafa á lögum og reglum um endurskoðendur er varða endurmenntun, löggildingarleyfi o.fl. er lýtur að félagsaðild FLE. Í því sambandi skipaði stjórnin starfshóp til að vinna að tillögum að breytingum á grundvelli hugmynda stjórnarinnar. Stjórnin hefur síðan haft þessar tillögur til

umfjöllunar nú í haust og fyrir fundinum liggja tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum félagsins.

Mikil umræða var á árinu innan stjórnarinnar um nauðsyn þess að ráða faglegan framkvæmdastjóra. Fagleg vinna og umfang ráðstefnuhalds eins mun áfram fara ört vaxandi innan FLE, sem að mati stjórnarinnar gerir það nauðsynlegt að ráða starfsmann sem hafi yfirumsjón með allri faglegri vinnu innan félagsins, jafnframt því að annast samskipti við erlend fagfélög og samtök.

Á starfsárinu auglýsti Námsstyrkjasjóður FLE eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum, bæði meðal félagsmanna og í dagblöðum. Einungis ein umsókn barst sjóðnum. Sjóðstjórinn fjallaði um hana og komst að þeirri niðurstöðu að umsóknin fullnægði ekki skilyrðum í skipulagsskrá sjóðsins. Á árinu fékk sjóðurinn tækifæri til að kynna tilgang sjóðsins á ársfundi viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands. Það má því segja að sjóðnum hafi verið komið vel á framfæri á starfsárinu og vonandi mun hann í framtíðinni ná að þjóna þeim tilgangi sem honum er ætlað.

Að lokum þakkaði Sigurður stjórn, nefndum og framkvæmdastjóra fyrir samstarfið á liðnu starfsári og félagsmönnum fyrir góða þátttöku, hvort heldur hefur verið í góðri mætingu á fundi og ráðstefnur og ekki síður að styðja við bakið á sér í formannsstólum.

### 3. Lagður fram ársreikningur félagsins til afgreiðslu

Sigríður Helga Sveinsdóttir, gjaldkeri félagsins gerði grein fyrir ársreikningi félagsins fyrir liðið starfsár.

Rekstrartekjur félagsins námu 19,3 millj.kr., rekstrargjöld 17 millj.kr. og fjármunaliðir voru jákvæðir um 0,8 millj.kr. Tekjur umfram gjöld á tímabilinu námu því 3,1 millj.kr. Eignir félagsins skv. efnahagsreikningi námu 21,2 millj.kr. og skuldir 0,8 millj.kr. Eigið fé nam 20,4 millj.kr. Raunávöxtun fjármuna félagsins var 3,8% á árinu.

Einnig lagði Sigríður Helga fram ársreikning Námsstyrkjasjóðs fyrir liðið starfsár. Tekjur sjóðsins á starfsárinu námu 1,4 millj. kr., rekstrargjöld 0,2 millj.kr. og hagnaður 1,2 millj.kr.

Eigið fé sjóðsins í lok starfsársins nam 21,7 millj.kr.

Þorsteinn Haraldsson kvaddi sér hljóð. Þorsteinn gerði endurmenntunarreglur að umtalsefni. Fór hann yfir það sem kom fram hjá Gerði Guðjónsdóttur um að fjármálaráðuneytið segði að ekki yrði tekið hart á þeim sem ekki hafa skilað inn fullnægjandi upplýsingum um endurmenntunareiningar. Þorsteinn hvatti til þess að ekki yrði við þessa linkind unað og velti fyrir sér hver hefði eftirlit með þeim sem ekki eru í FLE. Einnig velti hann fyrir sér hvort skipting á endurmenntunareiningum í faghluta og almennan hluta eigi rétt á sér.

Guðmundur Óskarsson bað næst um orðið. Guðmundur fjallaði um reglugerð um endurmenntun. Hann telur reglugerðina harkalega og bendir á að ekkert komi fram um skyldur um að haldin verði tilskilin námskeið þannig að endurskoðendur geti náð sér í nægilegan einingafjölda. Guðmundur sagði frá tölvusamskiptum sínum við fjármálaráðherra og starfsmann ráðuneytisins. Hann spyr hvort að FLE eigi að sjá um endurmenntun eins og fram komi í svari ráðuneytisins.

Sigurður B. Arnþórsson sagði frá því að endurmenntunarmálin hafi verið rædd við fulltrúa fjármálaráðuneytisins og að FLE bæri fyrst og fremst ábyrgð á endurmenntun félagsmanna.

Engar frekari fyrirspurnir komu fram um skýrslu stjórnar og ársreikningana og voru ársreikningarnir samþykktir samhljóða.

### 4. Skýrslur fastanefnda

Fulltrúar fastanefnda fluttu skýrslur nefndanna en þær voru sendar til fundarmanna fyrir fundinn, með öðrum fundargögnum.

Menntunarnefnd: Gerður Guðjónsdóttir svaraði Þorsteini og Guðmundi stuttlega og setur spurningamerki um hvort það sé örugglega rétt að skipta einingunum í faglegan og almennan hluta. Gerður fór síðan yfir starfsemi menntunarnefndar á liðnu starfsári.

Endurskoðunarnefnd: Heimir Þorsteinsson fór yfir starfsemi nefndarinnar á liðnu starfsári.

Reikningsskilanefnd: Knútur Þórhallsson flutti skýrslu nefndarinnar.

Skattanefnd: Gunnlaugur Kristinsson fór yfir starfsemi skattanefndar á liðnu starfsári.

Ritnefnd: Ómar H. Björnsson fór yfir skýrslu ritnefndar fyrir liðið starfsár.

Gæðanefnd: Ásbjörn Björnsson fór yfir starfsemi gæðanefndar á liðnu starfsári. Í máli Ásbjörns kom fram að hann telji að ráðning faglegs framkvæmdastjóra muni gera starf nefnda markvissara en nú er.

## 5. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins

Lárus Finnbogason mælti fyrir tillögu stjórnar félagsins að breytingum á samþykktum félagsins. Tillögurnar koma út úr vinnu starfshóps sem stjórn félagsins skipaði. Í starfshópnum voru Guðmundur Snorrason, Einar Hálfðánarson og Sigríður Helga Sveinsdóttir. Breytingarnar snúa efnislega að því að gera þeim sem hafa lagt inn réttindi sín mögulegt að vera áfram félagsmenn, enda uppfylli þeir áfram hæfisskilyrði laga um endurskoðendur. Stjórnin telur að það þurfi að taka af allan vafa um að þeir sem hafa lagt inn réttindi geti verið áfram í félaginu. Einnig er gert ráð fyrir að stjórn félagsins geti vikið mönnum úr félaginu, enda sé um einróma samþykki stjórnar að ræða. Í núgildandi samþykktum er gert ráð fyrir að samþykki félagsfundar þurfi til að víkja mönnum úr félaginu. Jafnframt er gerð tillaga um lækun viðmiðunaraldurs vegna niðurfellingar félagsgjalda úr 70 árum í 67 ár.

Fundarstjóri gaf síðan orðið laust.

Jón Hilmarsson bað um orðið. Jón velti fyrir sér hvort félagið hafi umboð til að koma fram fyrir hönd allra endurskoðenda þegar ekki er um skylduáðild að ræða, sbr. 4. og 5. gr. samþykktu félagsins. Einnig lýsti Jón þeirri skoðun sinni að andmælaréttur sé fyrir borð borinn í 10. gr. vegna brottrekstrar úr félaginu. Að lokum velti Jón fyrir sér hvort hægt sé að sleppa við félagsgjöldin með því að hætta með öll endurskoðunarverkefni.

Fundarstjóri bað menn um að koma með skriflegar tillögur, ef þeir vilja sjá breytingar á samþykktunum eða tillögum stjórnar um breytingar. Ekki sé hægt að taka tillögur til afgreiðslu nema þær séu skriflegar.

Helgi V. Jónsson velti fyrir sér orðalaginu; „enda uppfylli þeir áfram hæfisskilyrði skv. lögum um endurskoðendur“. Helgi gerði tillögu um að orðalag 2. mgr. 5. gr. (áður 6. gr.) yrði eftirfar-

andi. „Mönnum er heimil félagsaðild þótt þeir leggi inn réttindi sín, enda uppfylli þeir skilyrði 2. gr. laga nr. 18/1997 um löggilta endurskoðendur“. Helgi afhenti síðan fundarstjóra tillöguna.

Lárus Finnbogason sagði það skilning stjórnarinnar að um sé að ræða hæfisskilyrði samkvæmt 2. gr. laga um endurskoðendur en ekki skilyrði um endurmenntun eða starfsábyrgðatryggingar. Lárus hvatti félagsmenn til að koma ábendingum um það sem betur má fara í samþykktunum á framfæri við stjórnina þannig að stjórnin geti komið því að í fyrirhugaðri heildarendurskoðun á samþykktunum.

Símon Gunnarsson lagði til að tilvísun í 12. gr. samþykktanna í 10. lið 18. gr. falli niður. Einnig lagði Símon til að 17. liður 18. gr. hljóði þannig: „Kosning eins manns í stjórn námsstyrkjasjóðs FLE til 2ja ára“.

Guðmundur Óskarsson segist hafa tilfinningu fyrir því að það sé einhver harðneskja að færast í starfsemi félagsins. FLE sé frjálst félag og óþarfi sé að gera stjórninni kleift að reka menn úr félaginu, án atbeina aðalfundar. Þetta sé ekki skynsamleg breyting, heldur eigi menn að fá lengri tíma til að ræða þetta og taka breytingar stjórnarinnar inn í fyrirhugaða heildarendurskoðun á samþykktum félagsins.

Lárus svaraði Guðmundi og fullyrkti að ekki væri verið að gera þessar breytingar vegna einhverrar aukinnar hörku, þvert á móti væri þetta gert af tillitssemi við þá sem stjórn félagsins vildi hugsanlega víkja úr félaginu. Engum væri gerður greiði með að fjallað væri um brottvikningu þeirra á félagsfundi.

Fundarstjóri bar síðan fram komnar tillögur upp. Breytingartillaga Helga V. Jónssonar var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Breytingartillögur Símonar voru einnig samþykktar samhljóða.

Síðan bar fundarstjóri upp tillögur stjórnarinnar með þeim breytingum sem áður höfðu verið samþykktar. Breytingarnar voru samþykktar með öllum þorra atkvæða gegn þremur.

Næst var komið að kosningum til embætta fyrir félagið. Tillögur lágu fyrir frá uppstillingarnefnd félagsins. Engin mótframboð komu fram og voru allar tillögur uppstillingarnefndar samþykktar með lófataki.

## 6. Kosning formanns

Sigurður B. Arnþórsson var kjörinn formaður félagsins til næsta árs.

## 7. Kosning varaformanns

Lárus Finnbogason var kjörinn varaformaður til næsta árs.

## 8. Kosning meðstjórnanda

Gerður Guðjónsdóttur og Lúðvík Karl Tómasson voru kjörin meðstjórnendur til tveggja ára.

## 9. Kosning endurskoðanda og varaendurskoðanda

Einar H. Einarsson var kjörinn endurskoðandi og Guðmund Jóelsson varaendurskoðandi.

## 10. Kosning tveggja manna og varamanns í Álitsnefnd

Símon Gunnarsson og Þorsteinn Haraldsson voru kjörin aðalmenn og Guðmundur Óskarsson sem varamaður.

## 11. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Endurskoðunarnefnd

Hildur Sigurðardóttur var kjörin til þriggja ára og Ólafur Gestsson varamaður.

## 12. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Reikningsskilanefnd

Ólafur Þór Jóhannesson var kjörinn til þriggja ára og Reynir Stefán Gylfason varamaður.

## 13. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Menntunarnefnd

Eggert Teitsson var kjörinn til þriggja ára og Margrét Pétursdóttur varamaður.

## 14. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Ritnefnd

Auður Þórisdóttur var kjörin til þriggja ára og Björg Sigurðardóttur sem varamaður.



## 15. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Skattanefnd

Einar Ólafsson var kjörinn til þriggja ára og Jón Örn Guðmundsson varamaður.

## 16. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Gæðanefnd

Kristinn Freyr Kristinsson var kjörinn til þriggja ára og Guðjón Jóhannesson varamaður.

## 17. Kosning eins manns til tveggja ára í Námsstyrkjasjóð

Stefán Svarvarsson var kjörinn til tveggja ára.

## 18. Tillaga stjórnar um árstíllag félagsmanna næsta reikningsár

Sigríður Helga Sveinsdóttir kynnti rekstraráætlun fyrir komandi starfsár, og gerði jafnframt grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnarinnar:

Stjórn félagsins gerir tillögu um að árstíllag félagsmanna verði 55.000 kr. á starfsárinu 1. september 2004 til 31. ágúst 2005. Skýrði hún framlagða rekstraráætlun næsta árs sem miðast

við tillögunu um árstíllag. Ástæða hækkunarinnar er fyrst og fremst fyrirhuguð ráðninga faglegs framkvæmdastjóra. Einnig kom fram að félagsgjaldið hefur verið óbreytt frá 1999.

Árstíllag að fjárhæð kr. 55.000 var samþykkt einróma.

## 19. Önnur mál

Þorsteinn Haraldsson bað um orðið. Þorsteinn rifjaði upp að á aðalfundi 2003 var samþykkt tillaga um að gerð yrði úttekt á fyrirkomulagi ríkisendurskoðunar. Í máli Þorsteins kom fram að ekkert frumvarp liggi fyrir Alþingi um málefni ríkisendurskoðunar, þrátt fyrir fullyrðingar þar um í skýrslu stjórnar. Aðeins hafi verið lagt fram erindi til kynningar á Alþingi. Þorsteinn biður um að stjórn félagsins fari yfir það hvað sé framundan á vegum félagsins í þessu sambandi.

Lárus Finnbogason, formaður nefndar sem stjórnin skipaði, sagðist vænta þess að á næstu mánuðum yrði unnið áfram í málinu. Næst sé framundan að hitta ríkisendurskoðanda út af málinu og fá hans sjónarmið. Ekki sé búið að leggja nefndina niður þó starfið hafi verið rólegt fram að þessu.

Sigurður Tómasson þakkaði fundarmönnum því næst fundasetuna og gaf formanni orðið.

Sigurður þakkaði fundarmönnum fyrir það traust sem þeir sýndu honum með því að velja hann sem formann í félaginu næsta árið.

Hann óskaði jafnframt meðstjórnarmönnum sínum núverandi og nýkjörnum, þeim Gerði Guðjónsdóttir og Lúðvík Tómassyni til hamingju með kjörið.

Síðan fór Sigurður yfir það sem er framundan hjá félaginu.

Sigurður skýrði frá því að hann og varaformaður FLE hafa undirritað viljalýsingu með fyrirvara um samþykki stjórnar félagsins um ráðningu á Gunnari Sigurðssyni sem faglegum framkvæmdastjóra frá 1. febrúar 2005. Fór Sigurður nokkrum orðum um starfsferil Gunnars og störf hans í þágu FLE.

Að lokum þakkaði Sigurður fráfarandi stjórn, nefndum og framkvæmdastjóra félagsins fyrir samstarfið á liðnu ári.

Að svo mæltu sleit Sigurður aðalfundinum.

Aðalfundinn sóttu 90 félagsmenn

Jóhann Unnsteinsson  
fundarritari



## Farsælt nýtt ár

*Félag löggiltra endurskoðenda sendir félagsmönnum og fjölskyldum þeirra hugheilar óskir um gott og farsælt nýtt ár. Okkar bestu þakkir fyrir velvilja, gott samstarf og samverustundir á árinu sem er að líða.*

*Stjórn FLE  
Ritnefnd FLE*



# Stjórn og nefndir 2004–2005

Skipan stjórnar og fastanefnda FLE starfsárið 2004–2005

## Félagsstjórn

Sigurður B. Arnþórsson, formaður  
Lárus Finnbogason, varaformaður  
Sigríður Helga Sveinsdóttir, gjaldkeri  
Gerður Guðjónsdóttir, ritari  
Lúðvík Karl Tómasson, meðstjórnandi

## Álitsnefnd

Sigurður B. Arnþórsson, formaður  
Lárus Finnbogason  
Guðmundur Snorrason  
Símon Á. Gunnarsson  
Þorsteinn Haraldsson  
Guðmundur Óskarsson, varamaður

## Endurskoðendur

Einar H. Einarsson, endurskoðandi  
Guðmundur Jóelsson, varaendurskoðandi



*Félagsstjórn FLE 2004–2005 frá vinstri talið: Lárus Finnbogason, Gerður Guðjónsdóttir, Sigurður B. Arnþórsson formaður, Sigríður Helga Sveinsdóttir og Lúðvík Karl Tómasson.*



*Endurskoðunarnefnd FLE frá vinstri: Ólafur Gestsson, Heimir Þorsteinsson formaður, Hildur Sigurðardóttir og Magnús Örn Ragnarsson.*



*Ritnefnd FLE frá vinstri: Ómar H. Björnsson formaður, Björg Sigurðardóttir, Auður Ósk Þórisdóttir og Hrefna Gunnarsdóttir.*



### Menntunarnefnd

Þórir Ólafsson, formaður  
Kristrún Helga Ingólfssdóttir  
Eggert Teitsson  
Margrét Pétursdóttir, varamaður

### Endurskoðunarnefnd

Heimir Þorsteinsson, formaður  
Magnús Örn Ragnarsson  
Hildur Sigurðardóttir  
Ólafur Gestsson, varamaður

### Reikningsskilanefnd

Knútur Þórhallsson, formaður  
Friðrik Jóhannsson  
Ólafur Þór Jóhannesson  
Reynir Stefán Gylfason, varamaður

### Skattanefnd

Guðmundur Jens Þorvarðarson, formaður  
Birkir Leósson  
Einar Ólafsson  
Jón Örn Guðmundsson, varamaður

### Ritnefnd

Ómar H. Björnsson, formaður  
Hrefna Gunnarsdóttir  
Auður Ósk Þórisdóttir  
Björg Sigurðardóttir, varamaður

### Gæðanefnd

Óskar Sverrisson, formaður  
Sif Einarsdóttir  
Kristinn Freyr Kristinsson  
Guðjón Jóhannesson, varamaður



*Menntunarnefnd FLE frá vinstri: Þórir Ólafsson formaður, Kristrún Helga Ingólfssdóttir, Margrét Pétursdóttir og Eggert Teitsson.*



*Skattanefnd FLE frá vinstri: Jón Örn Guðmundsson, Birkir Leósson, Einar Ólafsson og Guðmundur Jens Þorvarðarson formaður.*



*Reikningsskilanefnd FLE frá vinstri: Reynir Stefán Gylfason, Ólafur Þór Jóhannesson, Knútur Þórhallsson formaður og Friðrik Jóhannsson.*



*Gæðanefnd FLE frá vinstri: Óskar Sverrisson formaður, Sif Einarsdóttir, Kristinn Freyr Kristinsson og Guðjón Jóhannesson.*





# Endurmenntunastofnun Háskóla Íslands

## Námskeið ætluð endurskoðendum vorið 2005

### 1. Milliverðlagning (transfer pricing) og leiðréttingarheimildir skattayfirvalda skv. íslenskum lögum

#### Lýsing:

Farið er yfir lagaákvæði sem gilda um milliverðlagningu innanlands og milli landa og notkun armslengdarreglunnar í alþjóðlegum viðskiptum. Einnig er fjallað sérstaklega um leiðréttingarheimildir skattayfirvalda vegna viðskipta milli hagsmunatengdra aðila, svo sem milli eigenda félaga og félaganna sjálfra, t.d. varðandi flutning á eignarhlutum til erlendra eignarhaldsfélaga og hvaða reglur gilda um verðmætamat í því sambandi. Í yfirferðinni er einkum fjallað um ákvæði 1. og 2. mgr. 57. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003 og úrskurði og dóma sem gengið hafa um túlkun á þessum ákvæðum.

**Tími (3 klst.):** Mið. 6. og 13. apríl kl. 13:00–16:00.

**Verð:** kr. 26.500,-

**Kennari:** Valdimar Garðarsson. Einingar: 3 í félag- og skattarétti

### 2. Innra eftirlit

#### Lýsing:

Farið er yfir almenna skilgreiningu á innra eftirliti, helstu þáttum þess og hvernig það snertir störf endurskoðenda og góða endurskoðunarvenju. Fjallað er um hvernig endurskoðandi ætti að taka mið af innra eftirliti við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Kynnt eru atriði úr skýrslu um innra eftirlit, „The COSO Report“, sem birt var í Bandaríkjunum 1992. Skýrslan hafði veruleg áhrif á mótun endurskoðunarstaðals um innra eftirlit, SAS 78/AU 319. Einnig er fjallað um grein 404 úr Sarbanes Oxley lögum í Bandaríkjunum þar sem lögð er ríkari áhersla en áður á ábyrgð stjórnenda á tilteknum þáttum í innra eftirliti auk staðfestingar endurskoðenda.

**Tími (4 klst.):** Mán. 18. apríl kl. 8:30–12:30.

**Verð:** Kr. 20.600,-

**Kennari:** Ólafur B. Kristinsson. Einingar: 4 í endurskoðun

### 3. Greining ársreikninga

#### Lýsing:

Lög um ársreikninga eru kynnt, sem og meginreglur um framsetningu þeirra. Fjallað er um upplýsingagildi ársreikninga og takmarkanir þess, og farið yfir reglur sem gilda um kennitöluútreikninga. Aðferðir til að meta áreiðanleika og réttmæti þeirra eru kynntar. Að lokum eru tekin dæmi um ársreikninga fyrirtækja í Kauphöll Íslands og þeir skýrðir með skírskotun til umfjöllunar námskeiðsins.

**Tími (3 klst.):** Þri. 26. apríl kl. 9:00–12:00.

**Verð:** Kr. 17.600,-

**Kennari:** Kristófer Ómarsson / Matthías Þór Óskarsson. Einingar: 3 í reikningsskilum

### 4. Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla

#### Lýsing:

Frá og með árinu 2005 er íslenskum fyrirtækjum sem skráð eru í Kauphöll Íslands skylt að fara eftir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikningsskila sinna og mun það auka mjög á kröfur sem gerðar eru til framsetningar og innihalds reikningsskila. Á námskeiðinu er farið yfir helstu áhrif sem innleiðing staðlanna mun hafa á reikningsskilagerð íslenskra fyrirtækja.

**Tími (4 klst.):** Mið. 20. apríl kl. 8:30–12:30.

**Verð:** kr. 20.600,-

**Kennari:** Ágúst Heimir Ólafsson. Einingar: 4 í reikningsskilum

### 5. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

#### IAS 39

#### Lýsing:

Farið er yfir helstu atriði IAS 39, svo sem gildisvið, skráningu og afskráningu, upphaflegt mat

og síðara mat, flokkun og endurflokkun fjáreigna og fjárskulda, virðisrýrnun og áhættuvarnarreikningsskil. Reiknuð eru dæmi þar sem látið verður reyna á helstu atriði staðalsins. Fjallað er um helstu upplýsingar sem þarf að veita í reikningsskilum vegna fjármálagerninga og áhrif vegna innleiðingar IAS 39 í fyrsta sinn.

**Tími (3 klst.):** Mán. 11. apríl kl. 9:00–12:00.

**Verð:** Kr. 17.600,-

**Kennari:** Reynir Stefán Gylfason / Jóhann Constantin Solomon. Einingar 3 í reikningsskilum

### 6. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

#### IAS 40

#### Lýsing:

Farið er yfir helstu atriði IAS 40, svo sem skilgreiningu fjárfestingarfasteigna, skráningu og afskráningu þeirra, upphaflegt mat og matsaðferðir eftir upphaflegu skráningu (gangvirðisáferðin og kostnaðaraðferðin). Einnig er fjallað um helstu upplýsingar sem þarf að veita í reikningsskilum vegna fjárfestingarfasteigna og áhrif vegna innleiðingar IAS 40 í fyrsta sinn.

**Tími (3 klst.):** Fim. 14. apríl kl. 9:00–12:00.

**Verð:** Kr. 17.600,-

**Kennari:** Auður Þórisdóttir / Jón Sigurður Helgason. Einingar: 3 í reikningsskilum

### 7. Nýir alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar

#### Lýsing:

Aukin áhersla er lögð á að löggiltir endurskoðendur á Íslandi tileinki sér efni alþjóðlegra endurskoðunarstaðla og hagi endurskoðunarvinnu í samræmi við þá. IAASB (International Auditing and Assurance Standards Board) hefur verið að endurskoða útgefna endurskoðunarstaðla (ISA) og gefið út nýja staðla með áherslu á áhættugrundaða endurskoðun. Fjallað er ítarlega um efni nokkurra alþjóðlegra endurskoðunarstaðla



s.s. ISA 240, 315, 320, 330 og 500. Dagskrá námskeiðisins mun þó taka mið af nýjustu alþjóðlegu endurskoðunarstöðlunum og getur verið að einhverjum stöðlum sem eru til umfjöllunar verði skipt út fyrir nýja staðla sem IAASB samþykkir hugsanlega í desember 2004 eða á fyrri hluta árs 2005.

**Tími (4 klst.):** Mán. 4. apríl kl. 8:30–12:30.

**Verð:** Kr. 20.600,-

**Kennari:** Hildur Sigurðardóttir. Einingar: 4 í endurskoðun

## 8. Excel 2000 I – fjármál og rekstur

### Lýsing:

Námskeiðið byrjar á upprifjun á öllum helstu grunnatriðum er varðar innslátt, afritun, útlit, flýtleiðir kynntar og fleira sem hjálpar fólki að vinna með Excel. Farið er yfir allar helstu aðgerðir í Excel sem nýtast við vinnslu gagna, m.a. vinnslu með margar síður í senn og notkun nafna og fasta. Skoðuð eru innbyggð föll, t.d. fjármálaföll, textaföll, leitarföll (lookup). Farið í gerð einfalds rekstrarlíkans. Kennt að beita aðgerðunum Sort (röðun gagna), Filter (síun gagna), Goal-Seek (nálgun), Scenario (notkun sviðsetninga), Consolidate (samantekt gagna), grunnatriði í gerð myndrita og kennt hvernig búa á til einfaldan macro (fjölva).

**Tími (12 klst):** Mán. og fim. 14. – 21. feb. kl. 8:30–12:30 (3x)

**Verð:** Kr. 35.200,-

**Kennari:** Oddur Sigurðsson. Einingar: 12 í annað

## 9. Excel 2000 II – fjármál og rekstur

### Lýsing:

Hér er farið dýpra í einstök atriði sem tekin eru fyrir í Excel I. Farið er í tölfræðilegar aðgerðir og gerð spálíkana. Bestun með Excel/Solver og túlkun á niðurstöðum. Farið er í innbyggð föll í Excel og búin til föll sem byggja á sjálfvirkni leitarföll, snúningstafla (PivotTable) og Scenario Manager. Kennd er gerð fjölva (macro) og hvernig nýta má þá til að ná í gögn í gagnagrunna (innan sem utan fyrirtækja) og aðlaga niðurstöðuna að hverjum notanda fyrir sig. Gerð líkana fyrir arðsemismat. Visual Basic kynnt og hvernig nýta megi það til að loka svæðum/reitum.

**Tími (12 klst.):** Mán. 7. – 21. feb. kl. 13:00 – 17:00 (3x).

**Verð:** Kr. 35.200,-

**Kennari:** Eðvald Möller. Einingar: 12 í annað

## 10. Excel 2000 III

### Lýsing:

Farið er í Visual Basic macros, helstu verkfæri í Excel, aðlögun umhverfis notanda og sjálfvirkni. Hagnýt verkefni í bókhaldi, úrvinnslu og framsetningu gagna.

**Tími (12 klst.):** Mán. 11. – 25. apríl kl. 13:00–17:00 (3x).

**Verð:** 34.700,-

**Kennari:** Eðvald Möller. Einingar: 12 í annað

## 11. Skattamál – Nýlegar breytingar

### Lýsing:

Kynntar eru helstu breytingar á lögum um tekju- og eignaskatt á árinu 2004. Einnig er farið yfir helstu breytingar á öðrum lögum og reglugerðum sem varða skatta og nokkur atriði sem tengjast framtalsgerð vegna tekjuársins 2004.

**Tími (3 klst.):** Mið. 12. jan. kl. 16:15–19:15.

**Verð:** Kr. 16.600,-

**Kennari:** Árni Harðarson. Einingar: 3 í félagi og skattarétti

## 12. Virðisaukaskattur af ferðaþjónustu

### Lýsing:

Farið er yfir helstu atriði í ferðaþjónustu með tilliti til virðisaukaskatts, svo sem um virðisaukaskatt af gistiþjónustu hvers konar, sérstakar reglur um virðisaukaskatt af fæðissölu á einkaheimilum, skilgreiningu á því hvað teljast vera fólksflutningar, skilgreiningu á því hvenær þjónusta ferðaskrifstofa er virðisaukaskattsskyld og hvenær ekki. Fjallað er um virðisaukaskattsskyldu sjálfstætt starfandi leiðsögumanna og fararstjóra. Loks er farið í þau tilvik þegar ferðaþjónustan telst vera blönduð starfsemi í skilningi virðisaukaskattslaga.

**Tími (4 klst.):** Mán. 10. jan. kl. 13:00–17:00.

**Verð:** Kr. 17.300,-

**Kennari:** Kristín Norðfjörð. Einingar: 4 í félagi og skattarétti.

# Faglegur framkvæmdastjóri FLE



Gunnar Sigurðsson, endurskoðandi

Frá og með 1. febrúar næst komandi mun Gunnar Sigurðsson endurskoðandi hefja störf sem faglegur framkvæmdastjóri FLE. Gunnar starfaði á árunum 1962–1973 hjá N. Manscher í Reykjavík, meðeigandi frá 1970. Árin 1973–1975 starfaði hann hjá K.G. Jensen/ Coopers & Lybrand, Kaupmannahöfn og á árunum frá 1975–2004 hjá N. Manscher/ Coopers & Lybrand / PricewaterhouseCoopers í Reykjavík. Auk þess gegndi Gunnar ýmsum trúnaðarstörfum á þessum árum, hann var formaður endurskoðarnefndar FLE 1976–1986, þátttakandi fyrir hönd FLE í Norrænu endurskoðarnefndinni 1977–1986, kenndi endurskoðun við Viðskiptadeild Háskóla Íslands 1977–1996, hafði umsjón með verklegu prófi í endurskoðun á vegum Prófnefndar löggiltra endurskoðenda 1979–1998, var forseti Norræna endurskoðunarsambandsins 1989–1991, sat í stjórn FLE 1987–1989, varaformaður seinna árið og var í álitsnefnd FLE 1992–1998.



# GOLFannáll árið 2004

Enn þykir við hæfi að birta í FLE fréttum eitt-hvað um framgang mála á golfári endurskoð-enda, jafnt innlendum sem erlendum viðburð-um. Eins og allir vita sem lesa þessa árlegu pist-la þá höfum við endurskoðendur þann hátt á að við látum einn úr okkar hópi, einvald, sjá um alla framkvæmd sameiginlegra golfdaga hér innanlands. Árið 2004 valdist til þessa verks ungur áhugamaður, Bogi Nils Bogason, sem áreiðanlega hugsaði sér að fara í fótspor fyrir-ennara sinna og fá fyrirtæki til að kosta þessa golfdaga með verðlaunum og veitingum. Og sem fyrr kom á daginn að ekki vantaði kostara – hins vegar kom í ljós að það vantaði kost-gangara. Endurskoðendur mættu illa á þessum FLE golfdögum og 2 slíkir (af 4) féllu niður vegna þátttökuleysis. Meðal eldri endurskoð-enda og þeirra sem minna eru virkir á vinnu-markaðnum í dag þykir næsta víst að yngri gol-farar innan FLE séu farnir að gera þau afdrifa-

ríku mistök að láta vinnuna ganga fyrir FLE-golfinu. Líklegt þykir þó að eðlilegri skýring sé að hin margvíslegustu fyrirtækjaböð í golfi séu orðin svo tímafrek að FLE-golfið mæti afgangi í skipulagningunni. Árshátíð löggiltra endurskoð-enda er þannig ekki eina fórnarlambið í röð þeirra viðburða sem hverfa af dagskrá en hafa til þessa skapað samheldni og samkennd með endurskoðendum. Það verður ekki fyrr en þess-ir viðburðir verða punktagefandi sem þeir skapa sér fastari tilverurétt en árið 2004 hefur reynst. Um þessi mál þarf að hafa samráð.

Í golfannál s.l. ár sagði m.a.; „Að ósekju hefði þátttakan mátt vera betri þar sem skráðir iðkendur meðal endurskoðenda eru um 40 tals-ins. Það sýnist því vera verk að vinna í að fjölga þátttakendum í golfmótunum.“ En því miður tókst ekki að vinna það verk og verður spennandi að vita hvað framtíðin ber í skauti sér því eins og vitur maður sagði eitt sinn „endurskoð-

endur hittast og spila golf og eiga margar góð-ar stundir saman að sumarlagi þó ekki sé spila-mennskan alltaf upp á það besta“.

En ekki er allt illt í þessari golfveröld FLE og árleg keppni endurskoðenda við annars vegar lögmenn og hins vegar tannlækna fór fram eins og verið hefur um áráraðir. Okkur hefur alltaf gengið illa að fylla holur í nærveru tannlækna sem eins og allir vita eru sérfræðingar í holufyll-ingum. Þetta árið var þannig ekki frábrugðið mörgum fyrri og endurskoðendur voru seinni en tannlæknar í að fylla golfholurnar og urðu þannig að lúta í gras í leiknum. Leikurinn við lögmenn var jafnari og skildu liðin jöfn að vinn-ingum en bikarinn, sem keppt er um, er áfram í vörslu FLE sem sigurvegarar síðasta árs.

Golfvertíð endurskoðenda lýkur með Meist-aramóti FLE. Mótið fór fram í 23. sinn föstudag-inn 10. september á Grafarholtsvelli og mættu tæplega 20 endurskoðendur til leiks. Brotið var



FLE golfarar fyrir utan klúbbhús Boat of Garten Golf Course í skosku hálöndunum í maí 2004.



Reynt að slá upp úr glompu á skoskum golfvelli.

blað í sögu þessa móts þegar 3 endurskoðendur af hinu veikara kyni, sem stundum er rangnefnt þannig, mættu til leiks og vildu sýna hæfileika sína í íþróttinni. Lokahóf keppenda ásamt mökum og með verðlaunaafhendingu fór síðan fram að kvöldi þessa sama dags í Apótekinu. Þar flutti einvaldurinn sína skýrslu um viðburði ársins og var hún í styttra lagi sem benti til að engin stórafrek höfðu verið unnin á golfsviðinu. Þá tilkynnti einvaldur að einn meðal jafningja hafði slegið færri högg en hinir þennan daginn og var sá hinn sami krýndur Golfmeistari FLE árið 2003. Kom í ljós að þessi sami maður hafði áður unnið þennan titil eða árið 1996. Íþróttadeild FLE fréttu óskar Stefáni Svavarsyni til hamingju með meistaratitilinn. Aðeins einn úr hópi þeirra endurskoðenda sem eru yfir 60 ára mætti til leiks, Guðjón Eyjólfsson, og telst hann vera öldungameistari FLE. Bestum árangri kvennanna náði Sigríður Söebeck.

Er þá lokið umfjöllun um innanlandsviðburði og verður þá greint frá erlendum samskiptum.

Hefð er komin á golfferð endurskoðenda til Skotlands í maí hvert ár. Áttunda vorferð FLE golfara var farin dagana 13.–20. maí og í þetta sinn var ferðinni heitið í hálöndin, nánar tiltekið lítill en vinalægur bær sem heitir Boat of Garten. Bærinn er nálægt Inverness og Loch Ness

þó við létum sagnir um skrímsli engin áhrif hafa á okkar dvöl. Náttúrufegurð í skosku hálöndunum er mjög rómuð og öll umgjörð um mannlíf ið með öðrum hætti en gerist í láglöndum Skotlands. Víst er að margt stóð undir væntingum og allt viðurværi umfram það sem við áttum von á. Í þessum vinalega bæ er eitt af þessum úrvals sveitahótelum í Skotlandi, Boat Hotel, og málsmetandi menn í hópi okkar voru sammála í lok ferðar að allt viðurværi, fljótandi og fast, hefði verið með því besta sem við höfum reynt í þessum ferðum okkar. Alls staðar í nánd við þennan bæ eru whisky verksmiðjur og svonefnt Wiskytrail, vinsæl ferðamannaleið. Sú leið býður upp á viðkomu í einni verksmiðjunni af annarri þar sem alls staðar býðst að smakka á framleiðslunni. Það er til marks um golfáhuga endurskoðenda að enginn lét undan freistingunni og fór í slíka skoðunarferð. Enda löngu þekkt að íþróttaiðkun og neysla sterkra veiga fer aldrei vel saman.

Fimmtudaginn 13. maí fóru 14 endurskoðendur frá FLE með flugi til Skotlands. Flugtíminn er aðeins 2 klukkustundir og eftir lendingu í Glasgow var ferðinni heitið beint í átt til hálöndanna og gerður stans til golfleiks í „the last big town“, Pitlochry, áður en fjöllin og hálöndin í Skotlandi taka við. Einstaklega fallegt um-

hverfi fyrir golfvöll og góð byrjun á ferð okkar. Eftir golfleikinn var haldið áfram að lokaáfangastað Boat of Garten þar sem við dvöldum í góðu yfirlæti í 5 nætur og lékum þar marga góða velli. Hálöndin í Skotlandi njóta mikilla vinsælda til hvers konar útivistar og eru fjölsótt bæði af heimamönnum og öðrum. Golfvöllurinn sem við lékum aðallega á, Boat of Garten Golf Course, var skipulagður af einum frægasta golfvallahönnuði Bretlands, James Braid, og var völlurinn tekinn í notkun 1898. Fallegur völlur sem skoskir ferðabæklingar kalla „hidden gem of highland golf“. Í baksýn við völlinn er Cairngorm fjallgarðurinn með sína drauga (ghosts) og veiðiáin Spey River rennur um svæðið. Þarna skammt frá er einnig að finna varpstöðvar fyrir Osprey fuglinn, stundum nefndur fiskiörn. Enginn í hópnun notaði sér tækifærið og fékk „eagle“ (örn) í golfleik sínum þó mörg væru tækifærin. Bærinn sem við dvöldum í er einnig þekktur sem Osprey Village vegna þessa fugls og annars fjölþætts fuglalífs í nágrenninu. Ef vel tekst til þá er með grein þessari mynd af Osprey fuglinum en þeir sem hafa áhuga geta leitað sér frekari upplýsinga á [www.boatofgarten.com](http://www.boatofgarten.com). Allt minnir þetta á íslenskt umhverfi eins og það gerist best.

Nokkrum vikum eftir að við höfðum leikið þennan golfvöll, Boat of Garten Golf Course, þá gerðist það samkvæmt áreiðanlegum heimildum að Prince Andrew mætti á staðinn og lék völlinn af tæri snilld eins og áður hafði verið gert margsinnis. Þótti honum ekki ofmælt það hrós sem forfarar hans höfðu gefið vellið. Hlaut prinsinn heiðursmeðlimanafnbót að launum. Hvort áhugi hans á golfvöllinum tengdist heimsókn okkar á staðinn verður ósagt látið en hógværustu röddunum finnst það ekki ólíklegt.

Eftir golfleik þriðjudaginn 18. maí tók við 3ja og hálf tíma rútuferð til Edinburgh. Þar áttum við eftir að dvelja í 2 nætur og mæta skoskum endurskoðendum í okkar árlegu keppni. Ákveðið hafði verið að spila sama golfvöll og við höfðum spilað árinu áður, Bruntsfield Links Golfing Society. Stofnár þessa golfklúbbs var árið 1761 en að öðru leyti skal vísað til golfgreinar frá s.l. ári þar sem farið var nokkrum orðum um það einstaka andrúmsloft hefðar og golfmenningar sem þarna ríkir. Ein skemmtileg



saga verður að fylgja hér. Sögumaður, einn af þeim skosku endurskoðendum sem þarna spiluðu með okkur, er lengi búinn að vera félagi í Bruntsfield og þar á undan faðir hans í tugi ára. Síðasta golfhola vallarins endar við klúbbhúsið og úr stórrí setustofu er víðfemt útsýni yfir lokaflötina og sandglompur þar í kring. Gamli maðurinn átti vanda til að lenda í einni sandglompunni við flötina og átti jafnan í erfiðleikum með að koma sér upp úr sandglompunni og oftast en ekki voru margir áhorfendur í klúbbhúsinu vitni að þessu. Sjálfum fannst gamla manningnum skondið hversu oft hann lenti í sandglompunni en hafði orð á því að sér liði ekki illa út af þessu. Þegar gamli maðurinn lést fyrir nokkrum árum var viðhöfð líkbrennsla eins og títt er á þeim slóðum (yfir 70%) og ösku gamla mannsins var dreift í þessa sandglompu með þeim orðum að þangað hefði hann sótt í lifanda lífi og hann mundi áreiðanlega una sér vel á sama stað í síðara lífi. Sinn er síður í hverju landi og víst er að hér á landi mundi greftrun af þessu tagi ekki vera leyfð. Sem sýnir að frjálshyggjan hefur ekki náð tökum á öllu í umhverfi okkar.

Golfdagurinn með skoskum endurskoðendum var að vanda hinn ánægjulegasti og létum við það ekki spilla ánægjunni þó við biðum lægri hlut í keppninni við þá. Við teljum okkur geta verið þökkalega sátta við tap eftir að hafa ýmist unnið eða gera jafnt í þau 5 skipti sem við höfðum áður spilað við þá. Og það á þeirra heimavelli! En farandgripurinn sem ICAS lagði til, sérstök gerð af skál sem á þeirra máli kallast Quaich, mun hafa vetursetu í Skotlandi þetta árið en verður sótt að vori. Það verður að hafa í huga að árið 2004 er stórafmælisár hjá ICAS, The Institute of Chartered Accountants of Scotland, eða 150 ára afmæli. Ekki vildum við verða þess valdandi að eitthvað skyggði á gleði þeirra þetta árið. Að golfleik loknum fengum við gjafir frá skoskum félögum okkar sem minntu á afmælisárið, m.a. Speyside Malt Whisky, sérstaklega pakkað í flöskur merktum félaginu. Fyrir þessari grein var litillaga minnst á Whiskytrail og Spey River þannig að augljóslega var vinnsla þessa eðaldrykks á þeim slóðum sem við höfðum verið fyrir í ferð okkar. Að vanda útdeildum við gjöfum sem minnti á land og þjóð. Alþingi á þingvöllum varð fyrir valinu í þetta sinn.



*Fiskiörn með veiði sína úr ánni Spey.*

Dregur nú að greinarlokum. En ekki verður skilið við þessa frásögn að ekki verði minnst sérstaklega skáldabáttar ferðarinnar. Einn í golfhópnum er hagamæltur vel og setur stundum fram hugsanir sínar í bundnu máli og þá er oftlega notast við limruformið. Jón Þ. Hilmarsón er hinn hagamælti golfleikari. Í lok Skotlandsferðar setti hann fram 16 erinda limrubálk þar sem hver og einn þátttakandi fékk sinn skammt, allt í hófi. Auðvitað er þessi skáldskapur litaður góðu golfmáli og í þeirri trú að sem flestir skilji það mál þá þykir við hæfi að birta upphaf og endi þessa báls :

*Það var húkkað og slæsað, samt er ótalið flest  
og nákvæmri talningu, var slegið á frest  
Ef boltinn var beinn,  
ei botnaði neinn  
En níttjándi holan var leikin hvað best.*

*Völlurinn allur er rifinn í sundur og tættur  
og skaðinn er slíkur að seint verður bættur.  
Á þessu vori  
veikir í spori  
já hópurinn okkar, víst er hann mættur.*

— — —

*Úti er bliðan svo ágæt og þó nokkur hiti  
og starfinu fylgja, blóð tár og sviti  
Einatt er farinn  
aftur á barinn  
og forsetinn okkar er fullur ... af viti*

*Læt ég nú lokið pípi og pári  
og pakkanum loka að framan.  
Vonandi gerist það aftur að ári  
að enn fari hópurinn saman.*

Sigurður Tómasson, endurskoðandi og forseti alþjóðadeildar Golfhóps FLE

## Opnunartími skrifstofu FLE

Skrifstofa FLE er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9 – 12:30.

Sími: 568 8118

Fax: 568 8139

Tölvupóstfang: fle@fle.is

Heimasíða: www.fle.is





# Jól 2004

Skrifstofu félagsins barst þessi fallega jólakveðja  
og er hún birt með leyfi höfundar.

*Kom nótt, sem klukkur boða nú,  
með krafti allra æðstu fyrirheita.  
Gef mönnum visku, von og trú,  
sem vilja inn að ungbarns jötu leita,  
þess ljóss er heims mun byggja brú  
og blessun Guðs af nægtabrunni veita.*

*Kom nótt og kysstu haf og land,  
sem kúra hljótt og dagsins næsta bíða.  
Frá djúpum upp á eyðisand,  
eilíft stundir tímans framhjá líða.  
Vef um alla vonartengiband  
og veltu af þeim morguns þunga kvíða.*

*Kom nótt, með kærleika og ró  
og knýttu traust á milli jarðar póla.  
Kirkjan sem að Kristur okkur bjó,  
er kletturinn sem á við me gum stóla.  
Kom nótt með kærleika og ró,  
kom nótt með sanna gleði jóla.*

Bjarni Jónsson endurskoðandi